VSÓ RÁÐGJÖF



# AUKIN EFNISTAKA VEGNA FRAMKVÆMDA VIÐ AXARVEG, MÚLAÞINGI

## Matsskyldufyrirspurn

**Apríl 2022**

# Efnisyfirlit


| | | |
|---|---|---|
| **1** | **Inngangur** | **3** |
| 1.1 | Forsaga og forsendur efnistöku | 3 |
| 1.2 | Tilkynningaskylda | 5 |
| **2** | **Staðhættir** | **5** |
| 2.1 | Skipulag og landnotkun | 6 |
| **3** | **Framkvæmdalýsing** | **6** |
| 3.1 | Náma A-4, norðan við Tjaldlæk (22931) | 7 |
| 3.2 | Náma A-5, norðan við Stóralæk (22932) | 8 |
| 3.3 | Náman norðan við Axarárnes (22938) | 10 |
| 3.4 | Náman sunnan við Axarárnes (22936) | 11 |
| 3.5 | Efnisvinnslu- og haugsvæði: Öxi 1 (22854) | 13 |
| 3.6 | Efnisvinnslu- og haugsvæði: Öxi 2 (22855) | 15 |
| 3.7 | Samantekt á námu- efnisvinnslu- og haugsvæðum | 17 |
| 3.8 | Frágangur | 18 |
| **4** | **Umhverfisáhrif** | **18** |
| 4.1 | Áhrif á fornleifar | 19 |
| 4.2 | Áhrif á landslag og ásýnd | 20 |
| 4.3 | Áhrif á lífríki vatns | 22 |
| 4.4 | Vistgerðir | 24 |
| 4.5 | Jarðminjar | 25 |
| 4.6 | Samantekt umhverfisáhrifa | 26 |
| **5** | **Samráð** | **26** |
| **6** | **Leyfi sem framkvæmdin er háð** | **26** |
| **7** | **Niðurstaða mats** | **26** |
| **8** | **Heimildir** | **27** |
| **9** | **Viðauki** | **27** |

# 1 Inngangur

Vegagerðin áformar aukna efnistöku, sem svarar 198.400 $m^3$, í fjórum námum í tengslum við framkvæmdir á Axarvegi í Múlaþingi. Vegkaflinn sem um ræðir er 20,1 km langur og nær frá gatnamótum Axarvegar (nr. 939) og Breiðdalsvegar (nr. 96) að Berufjarðarbotni.

Ákvörðun liggur fyrir um að gerð Axarvegar verði samvinnuverkefni Vegagerðarinnar og einkaaðila um samgönguframkvæmdir skv. nýrri heimild í lögum nr. 80/2020. Í þeim lögum eru talin upp sex möguleg samvinnuverkefni og er Axarvegur eitt þeirra.

Um er að ræða aukna efnistöku frá fyrra umhverfismati framkvæmdar frá árinu 2011. Efni í veginn verður fengið úr námum og að hluta fengið úr skeringum. Nokkrar skeringar verða útvíkkaðar í námur. Engin af námunum fjórum sem hér eru til skoðunar eru á skipulagi en sú vinna er í ferli. Tvær af námunum voru lagðar fram í matsskýrslu vegna framkvæmdarinnar (2011) en þær eru til skoðunar hér vegna aukningar á efnistöku. Tvær af námunum eru nýjar og bætast við efnistökusvæðin sem lögð voru fram matsskýrslunni. Auk þess eru til skoðunar tvö efnisvinnslu- og haugsvæði sem ekki fóru í umhverfismat og ekki eru á skipulagi.

Í matsskyldufyrirspurninni er gerð grein fyrir fyrirhugaðri efnistöku og líklegum umhverfisáhrifum vegna þeirra. Framkvæmdin felur fyrst og fremst í sér rask vegna efnistöku. Umhverfisþættir sem teknir eru fyrir í matsskyldufyrirspurninni eru fornleifar, landslag og ásýnd, og lífríki straumvatns.

## 1.1 Forsaga og forsendur efnistöku

Forsaga málsins er sú að árið 2008 var Vegagerðinni falið að endurbyggja Hringveg á kafla í Skriðdal, byggja nýjan veg um Öxi á milli Hringvegar í Skriðdal og Hringvegar í Berufirði og endurbyggja Hringveg um botn Berufjarðar auk þess að færa hann til á kafla og byggja nýja brú yfir Berufjarðará og nýjan Hringveg. Alls var um að ræða 30-34 km langa vegagerð í sveitarfélögunum Fljótsdalshéraði og Djúpavogshreppi, eða það sem er nú Múlaþing. Framkvæmdin var matsskyld og lá álit Skipulagsstofnunar fyrir 15. apríl 2011.

Árið 2013 tilkynnti Vegagerðin til Skipulagsstofnunar nýjan valkost (Vegagerðin, 2013), sem viðbót við áður birta matsskýrslu. Tilgangurinn var að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á náttúrufar, fornleifar, jarðmyndanir og landslag auk þess að koma til móts við landeigendur um veglínu í sunnanverðum Berufjarðardal. Valkosturinn var 8,2 km langur og náði frá Háubrekku að Reiðeyri. Ekki var um breytingu að ræða á efnistökusvæðum frá fyrra mati. Ákvörðun Skipulagsstofnunar lá fyrir 20. mars 2013 og var það niðurstaða hennar að nýr valkostur væri ekki háður mati á umhverfisáhrifum.

Veglínan sem hér er til skoðunar er 20,1 km löng, frá gatnamótum Axarvegar (nr. 939) og Breiðdalsvegar (nr. 96) að Berufjarðarbotni. Við frekari hönnun hefur Vegagerðin talið til bóta að hnika til veglínu á nokkrum stöðum m.a. til að stuðla að betri vegtæknilegum atriðum og koma til móts við óskir landeigenda. Flestar breytingar eru innan skilgreinds rannsóknarsvæðis sem var skilgreint í matsskýrslu (2011) og matsskyldufyrirspurn (2013) (Mynd 1.1). Á einum stað liggur vegur á jaðri skilgreinds rannsóknarsvæðis, á um 500 m kafla, og var henni hnikrað til í þeim tilgangi að draga úr raski á framræstu landi. Breytingin hefur ekki áhrif á niðurstöðu fyrra mats. Fornleifaskráning liggur fyrir og hefur tilfærslan ekki áhrif á fornleifar.

Markmið veglagningarinnar er að bæta vegasamband á svæðinu og styrkja þar með byggð á Austurlandi. Einnig að auka umferðaröryggi og tryggja greiðar samgöngur á svæðinu.

Haustið 2020 fór jarðfræðingur Vegagerðarinnar í fullnaðarrannsóknir á þeim efnistökusvæðum sem lögð voru til grundvallar í matsskýrslu og hentuðu fyrir þá veglínu sem varð fyrir valinu. Nokkrum rannsóknasvæðum var þá bætt við. Laus jarðlög voru könnuð með greftri rannsóknarhola og fast berg skoðað með borun könnunarhola og kjarnatöku til að útvega sýni til rannsókna á rannsóknastofu. Endanleg ákvörðun um efnistökustaði var svo tekin á grundvelli niðurstaðna úr þeim rannsóknum. Talið er nauðsynlegt að óska eftir heimild til að auka efnistöku úr námum um 198.400 m$^3$ frá því sem fjallað var um í matsskýrslu (2011).

Að loknum rannsóknum var ákveðið að fara í könnun á matsskyldu vegna eftirfarandi:

- tveggja efnistökustaða sem fóru í mat á umhverfisáhrifum, en sóst er eftir að auka efnistökuna frá því sem sett var fram í matsskýrslu,
- tveggja nýrra efnistökusvæða sem ekki fóru í mat á umhverfisáhrifum,
- tveggja efnisvinnslu- og haugsvæða sem ekki fóru í mat á umhverfisáhrifum og eru ekki á skipulagi.




Mynd 1.1 Samanburður nýrrar veglínu (2021) við veglínu í umhverfismati 2011 og matsskyldufyrirspurn 2013.

## 1.2 Tilkynningaskylda

Vegagerðin óskaði eftir leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um málsmeðferð breytinga á Axarvegi, þá annars vegar vegna nánari útfærslu á veglínu og hins vegar breytinga á efnistökustöðum. Niðurstaða Skipulagsstofnunar er að breytingar á efnistökustöðum falli undir tl. 2.02 og 13.02 í lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Staðbundin hliðrun á veglínu Axarvegs er talin innan marka þess mats sem þegar hefur farið fram (sjá kafla 1.1) og sé því ekki tilkynningaskyld.

Í samræmi við ofangreint óskar Vegagerðin því eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar byggða á tölulið 2.02 og 13.02 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana (Tafla 1.1). Framkvæmdin fellur þar í flokk B sem framkvæmd sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og meta skal í hverju tilviki, með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háð skuli mati á umhverfisáhrifum.

Tafla 1.1 Tilkynningaskylda framkvæmdar skv. lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

| Tl. | Lýsing | Flokkur |
|---|---|---|
| 2.02 | Efnistaka, utan þess sem tilgreint er í tölul. 2.01, þar sem áætlað er að raska 2,5 ha svæði eða stærra eða efnismagn er 50.000 $m^3$ eða meira, einnig efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökustaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 2,5 ha svæði eða stærra. | B |
| 13.02 | Allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki A, utan þess sem fellur undir tölul. 13.01, og flokki B sem hafa verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif. | B |

# 2 Staðhættir

Efnistakan fer fram í Berufirði, sveitarfélaginu Múlaþingi, í og við veghelgunarsvæði Axarvegs. Axarvegur liggur innan jarða Vatnaskóga og Berufjarðar. Berufjörður er u.þ.b. 20 km langur og 2-5 km breiður og er suðurströndin að mestu undirlendislaus og óbyggð en við norðurströndina, Berufjarðarströnd, er landbúnaðarsvæði. Brött og allhá fjöll liggja að Berufirði, að norðanverðu er fjallasýn með hvössum eggjum og gnípum og eru ríólítinnskot nokkuð áberandi. Af fjöllunum má t.a.m. nefna Búlandstind, Fossárfell og Kistufell (Djúpivogur, 2022).

Berufjarðará fellur til sjávar í botni Berufjarðar. Upptök hennar eru á fjalllendinu við Öxi. Uppi á fjalllendinu, með fram Axarvegi rennur jafnframt Öxará. Yfir Öxi liggur einnig 132 kV háspennulína Landsnets, Teigarhornslína 1.

Næsta þéttbýli við Axarveg er Djúpivogur, sunnan fjarðar á Búlandsnesi, sem er á milli Hamarsfjarðar og Berufjarðar. Þann 1. janúar 2022 bjuggu 408 manns í Djúpavogi (Hagstofa Íslands, 2022).

Núverandi vegur um Öxi er tilkomin vegna Hjálmars Guðmundssonar frá Berufirði sem hóf vinnu við veginn árið 1952. Lögð var fram ómæld sjálfboðavinna við vegagerðina sem Hjálmar stýrði ætíð. Árið 1962 var fyrst ekið yfir heiðina og upp í Skriðdal. Við Folaldafoss er nú áningarstaður með minnisvarða um Hjálmar.

### 2.1 Skipulag og landnotkun

#### Aðalskipulag

Fyrirhugað framkvæmdasvæði fellur undir Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008-2020 og Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028.

Fyrirhuguð efnistökusvæði sem hér eru til athugunar eru ekki á aðalskipulagi og er vinna við skipulagsbreytingu í ferli. Efnisvinnslu- og haugsetningarsvæðin Öxi 1 og Öxi 2 eru ekki á skipulagi og Vegagerðin fékk þau skilaboð frá Múlaþingi haustið 2021 að vinnslusvæðin þyrftu ekki að fara á aðalskipulag.

#### Verndarsvæði og takmarkanir á landnotkun

Engar takmarkanir eru á námu- og efnisvinnslusvæðunum sem hér er til skoðunar vegna verndarákvæða.

# 3 Framkvæmdalýsing

Vegframkvæmdir hafa ekki verið verkhannaðar að fullu. Þar sem eftir er að verkhanna veginn má gera ráð fyrir að einhverjar breytingar geti orðið á veglínu ásamt umfangi skeringa og/eða fyllinga. Einnig má gera ráð fyrir að efnistaka úr einstökum námum geti breyst.

Í umfjöllun um einstök efnistökusvæði hér á eftir er lagt mat á verndargildi þeirra. Við mat á verndargildinu var stuðst við verndargildisflokkun Vegagerðarinnar (Namur.is, 2022).

Verndarflokkun Vegagerðarinnar er einungis leiðbeinandi og er ætlað að gefa vísbendingu um hve viðkvæmt fyrirhugað efnistökusvæði er og hversu líklegt er að efnistaka kunni að hafa mikil áhrif á umhverfið. Flokkunin hefur ekkert lagalegt gildi sem slíkt en styðst þó við ýmis ákvæði laga. Markmið með þessum flokkum er að búa til viðmið um hversu viðkvæm svæði eru fyrir efnistöku. Verndarflokkunin útilokar ekki efnistöku heldur verður efnistakan að skoðast í stærra samhengi, til dæmis hversu mikið framboð er á efni til vegagerðar á framkvæmdasvæðinu.

## 3.1 Náma A-4, norðan við Tjaldlæk (22931)

Um er að ræða aukningu á efnismagni úr námu um 40.400 $m^3$, frá fyrri matsskýrslu (Vegagerðin, 2011) (Vegagerðin, 2013). Náman er í beygju við núverandi veg og er rétt neðan (vestan) við stöðvabil 9900-10150. Náman er í mosagróið holt úr jökulruðningi og klöpp sem skorið er í sundur af litlum lækjum (Mynd 3.1). Á yfirborði sést í steina, allt að 0,5 m í þvermál. Enginn námuvegur er að námunni en hægt er að nýta núverandi veg sem námuveg.






Mynd 3.1 Ljósmynd (Hafdís Eygló Jónsdóttir): Horft til suðurs og framan á holtið. Veglínan er ofan við námuna og er nálægt Byggðalínu Rarik. Loftmynd (Loftmyndir ehf., 2017): Útlínur námunnar (óbreyttar frá matsskýrslu) ásamt staðsetningu 9 rannsóknargryfja í og við námusvæðið.

### Vinnsla og frágangur

Holtið verður unnið frá núverandi vegi og landformið lækkað niður. Farið verður nokkurn veginn lárétt inn í holtin vestan til, rétt undir núverandi veghæð, en gerður flái upp til

austurs í átt að fláa nýs vegar. Jökulruðningurinn er torgræfur neðan við ákveðna dýpt. Gengið verður frá námunni í verklok. Ganga má þannig frá efnistökusvæðinu að sjónræn áhrif verði í lágmarki.

### Verndargildi

Jarðmyndunin sem slík telst ekki sérstök og nokkuð auðvelt ætti að vera að ganga frá efnistökusvæðinu. Náman er í verndargildisflokki 4 (lágt verndargildi).

Tafla 3.1 Helstu upplýsingar um námu A-4, Norðan við Tjaldlæk.

| Náma A-4, norðan við Tjaldlæk | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Jarðmyndun | Jökulr., klöpp | | Vinnslumagn í mati* | 50.000 $m^3$ |
| Staða efnistöku | Ný | | Vinnsludýpi | 0,5-10,0 m |
| Landeigandi | Vatnsskógar | | Frágangur | Fláar |
| Námurétthafi | - | | Gróðurlendi | Mosi, lyng, gras |
| Sveitarfélag | Múlaþing | | Þekja | 50% |
| Kynnt sveitarfélagi | Já | | Svarðlag | Já |
| Kynnt landeiganda | Já | | Sáning | Já |
| Nýting | Fyllingarefni | | Verndargildi | 4. flokkur |
| Flatarmál | 15.000 $m^2$ | | Skipulag | Nei |
| Vinnslumagn í skoðun | 90.400 $m^3$ | | Annað | - |

*Í umhverfismati frá 2011.

## 3.2 Náma A-5, norðan við Stóralæk (22932)

Um er að ræða aukningu á efnismagni, frá fyrri matsskýrslu um 6.000 $m^3$ (Vegagerðin, 2011) (Vegagerðin, 2013). Náman er í mosagróið holt sem samanstendur af jökulruðningi og klöpp rétt vestan við stöðvabil 13400-13550 (Mynd 3.2). Núverandi vegur sker austasta hluta holtsins og efni hefur áður verið tekið úr nyrsta hluta þess. Lítil tjörn liggur í lægð suðaustan við holtið. Mold og jökulruðningur er um 1-3 m þykkt ofan á klöppinni.






Mynd 3.2 Ljósmynd (Hafdís Eygló Jónsdóttir): Horft til norðvesturs í átt að holtinu. Framan við það er tjörn. Loftmynd (Loftmyndir ehf., 2017): Útlínur námunnar ásamt staðsetningu 6 rannsóknargryfja og 2 borhola (blátt).

### Vinnsla og frágangur

Holtið verður allt unnið niður og brúnir jafnaðar. Farið verður inn í holtið frá núverandi vegi og hann nýttur sem námuvegur. Vinnsludýpi er 0,5-5,0 m en ekki verður farið niður fyrir vatnsyfirborð tjarnarinnar. Gengið verður frá námunni í verklok.

### Verndargildi

Jarðmyndunin nýtur engrar sérstakrar verndar og er ekki á skilgreindu verndarsvæði. Náman er í verndargildisflokki 4 (lágt verndargildi).

Tafla 3.2 Helstu upplýsingar um námu A-5, Norðan við Stóralæk.

| Náma A-5, norðan við Stóralæk | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Jarðmyndun | Jökulr., klöpp | | Vinnslumagn í mati* | 17.000 $m^3$ |
| Staða efnistöku | Gömul | | Vinnsludýpi | 0,5-5,0 m |
| Landeigandi | Vatnsskógar | | Frágangur | Jafnað |
| Námurétthafi | - | | Gróðurlendi | Mosi |
| Sveitarfélag | Múlaþing | | Þekja | 70% |
| Kynnt sveitarfélagi | Já | | Svarðlag | Já |
| Kynnt landeiganda | Já | | Sáning | Nei |
| Nýting | Fyllingarefni | | Verndargildi | 4.flokkur |
| Flatarmál | 8.000 $m^2$ | | Skipulag | Nei |
| Vinnslumagn í skoðun | 23.000 $m^3$ | | Annað | - |

*Í umhverfismati frá 2011.

## 3.3 Náman norðan við Axarárnes (22938)

Um er að ræða nýja námu sem ekki var fjallað um í matsskýrslu. Náman er í klapparstall sem hallar niður til suðvesturs. Núverandi vegur sem og ný veglína koma til með að liggja eftir hraunlaginu og yrði náman austan vegar við stöðvabil 12000-12180 (Mynd 3.3). Gróðurþekja er heil nema þar sem laust grjót og klappir standa berar. Gróður er mestmegnis mosi og yfirborð aðeins þýft. Klapparyfirborðið er jökulsorfið og nokkuð mishæðótt og moldarþykkt því talsvert breytileg, eða 0-4,5 m. Talsvert er um laust grjót á svæðinu, bæði á yfirborði og í moldinni. Austan við svæðið er lækjardrag.




Mynd 3.3 Ljósmynd (Erla Dóra Vogler): Horft til norðurs frá útafkeyrslu við núverandi veg.  Loftmynd (Loftmyndir ehf., 2017): Útlínur áætlaðs efnisvinnslu- og haugsvæðis.

### Vinnsla og frágangur

Farið verður inn í stallinn austan núverandi vegar og hann unninn inn til vesturs um svo til láréttan flöt, í átt að veglínunni, þar til skering meðfram nýrri veglínu og námusvæðið mætast. Brúnir til norðurs og suðurs verða jafnaðar þannig að líti sem náttúrulegast út. Vinnsludýpi er 0,5-9 m. Gengið verður frá námunni í verklok.

### Verndargildi

Jarðmyndunin nýtur engrar sérstakar verndar og gróður er fábreyttur. Sjónræn áhrif efnistökunnar verða nokkur og því flokkast hún með meðal verndargildi (3. flokkur).

Tafla 3.3 Upplýsingar um námu norðan við Axarárnes

| Náma norðan við Axarárnes. | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Jarðmyndun | Klöpp | | Vinnslumagn í mati | - |
| Staða efnistöku | Ný | | Vinnsludýpi | 0,5-9,0 m |
| Landeigandi | Vatnsskógar | | Frágangur | Jafnað |
| Námurétthafi | - | | Gróðurlendi | Mosi, strá og lyng |
| Sveitarfélag | Múlaþing | | Þekja | 90% |
| Kynnt sveitarfélagi | Nei | | Svarðlag | Já |
| Kynnt landeiganda | Nei | | Sáning | Nei |
| Nýting | Burðarlag og styrktarlag | | Verndargildi | 3. flokkur |
| Flatarmál | 6.800 $m^2$ | | Skipulag | Nei |
| Vinnslumagn í skoðun | 28.000 $m^3$ | | Annað | - |

## 3.4 Náman sunnan við Axarárnes (22936)

Um er að ræða nýja námu frá því að matsskýrsla var kynnt (Vegagerðin, 2011) (Vegagerðin, 2013). Náman er í jökulruðnings- og klapparholt rétt austan við stöðvabil 12800-12900 (Mynd 3.4). Núverandi vegur sker vestasta hluta holtsins og ný veglína kemur til með að stækka þá skeringu lítillega. Gróðurþekja er heil og yfirborð lítillega þýft. Hæst á holtinu er yfirborð vaxið mosa en sunnar og vestar á því er meira lyng. Mold og jökulruðningur er um 0,5-3,5 m þykkur ofan á klöppinni.






Mynd 3.4 Ljósmynd (Erla Dóra Vogler): Horft til suðurs í átt að holtinu. Loftmynd (Loftmyndir ehf., 2017): Útlínur námunnar ásamt staðsetningu 2 rannsóknargryfja (gult), 5 borhola (blátt) og 3 kjarnahola (grænt).

### Vinnsla og frágangur

Holtið verður allt unnið niður og brúnir jafnaðar. Farið verður inn í holtið frá núverandi vegi og láréttur flötur tekinn þar inn rétt undir veghæð. Flái verður gerður upp að hlíðinni til austurs. Vinnsludýpi er 0,5-10 m. Gengið verður frá námunni í verklok.

### Verndargildi

Jarðmyndunin nýtur engrar sérstakrar verndar og er ekki á skilgreindu verndarsvæði. Náman er í verndargildisflokki 4 (lágt verndargildi).

Tafla 3.4 Helstu upplýsingar um námu sunnan við Axarárnes.

| Náma sunnan við Axarárnes. | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Jarðmyndun | Klöpp | | Vinnslumagn í mati | - |
| Staða efnistöku | Ný | | Vinnsludýpi | 0,5-10,0 m |
| Landeigandi | Vatnsskógar | | Frágangur | Jafnað |
| Námurétthafi | - | | Gróðurlendi | Mosi og lyng |
| Sveitarfélag | Múlaþing | | Þekja | 100% |
| Kynnt sveitarfélagi | Já | | Svarðlag | Já |
| Kynnt landeiganda | Já | | Sáning | Nei |
| Nýting | Fyllingarefni og styrktarlag | | Verndargildi | 4. flokkur |
| Flatarmál | 24.500 m$^2$ | | Skipulag | Nei |
| Vinnslumagn í skoðun | 124.000 m$^3$ | | Annað | - |

## 3.5 Efnisvinnslu- og haugsvæði: Öxi 1 (22854)

Um er að ræða efnisvinnslu- og haugsvæði sem ekki var fjallað um í matsskýrslu (Vegagerðin, 2011) (Vegagerðin, 2013). Svæðið er gamalt efnistökusvæði og stendur upp við núverandi veg, austan við stöðvabil 14150-14280 (Mynd 3.5). Um er að ræða framburð lækjar sem kemur niður hlíðina við norðurenda raskaðs svæðis. Vestan við námuna er lágt holt. Lækurinn rennur vestan til í námubotninum, undir holtinu, áður en hann er leiddur um ræsi undir núverandi veg gegnt stöð 14270. Útafkeyra er af núverandi vegi niður í námuna en lækurinn rennur yfir hana til að komast í ræsið. Raskað svæði er um 8.600 m$^2$ að stærð. Námubotninn er óslétttur og nokkrir stærri steinar á yfirborði. Litlir efnishaugar standa á nokkrum stöðum í námubotninum. Núverandi vegur verður nýttur sem aðkomuvegur.






Mynd 3.5 Ljósmynd (Erla Dóra Vogler): Horft til suðvesturs frá norðurenda raskaðs svæðis. Núverandi vegur sést við enda svæðisins. Loftmynd (Loftmyndir ehf., 2017): Útlínur áætlaðs efnisvinnslu- og haugsvæðis.

### Vinnsla og frágangur

Svæðið verður nýtt til efnisvinnslu og haugsetningar unnins efnis. Frágangur miðaðst við að jafna svæðið út og aðlaga að nærliggjandi umhverfi.

### Verndargildi

Jarðmyndunin nýtur engrar sérstakrar verndar og hefur þegar verið raskað. Efnisvinnslusvæðið er í verndargildisflokki 5 (mjög lágt verndargildi).

Tafla 3.5 Helstu upplýsingar um efnisvinnslu- og haugsvæðið Öxi 1.

| Efnisvinnslu- og haugsvæðið Öxi 1 | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Jarðmyndun | Eyrar | | Vinnslumagn í mati | 0 $m^3$ |
| Staða efnistöku | Gömul | | Vinnsludýpi | 0 m |
| Landeigandi | Vatnsskógar | | Frágangur | Jafnað |
| Námurétthafi | - | | Gróðurlendi | Mosi |
| Sveitarfélag | Múlaþing | | Þekja | 10% |
| Kynnt sveitarfélagi | Já | | Svarðlag | Nei |
| Nýting | Vinnslu- og haugssvæði | | Sáning | Nei |
| Flatarmál | 8.000 $m^2$ | | Verndargildi | 5. flokkur |
| Vinnslumagn í skoðun | 0 $m^3$ | | Skipulag | Já, E106 |
| | | | Annað | - |

## 3.6 Efnisvinnslu- og haugsvæði: Öxi 2 (22855)

Um er að ræða efnisvinnslu- og haugsvæði sem ekki var fjallað um í matsskýrslu (Vegagerðin, 2011) (Vegagerðin, 2013). Svæðið er gamalt efnistökusvæði og stendur upp við núverandi veg, rétt sunnan Merkjahryggs og austan við stöðvabil 15200-15400 (Mynd 3.6). Um er að ræða lækjarframburð. Lækur rennur vestan til í námubotninum, áður en hann er leiddur um ræsi undir núverandi veg gegnt stöð 15400. Útafkeyra er af núverandi vegi niður í námuna en lækurinn rennur yfir hana til að komast í ræsið. Raskað svæði er um 7.400 m$^2$ að stærð. Námubotninn er ósléttur. Lítill efnishaugur stendur syðst í námubotninum (sem og sunnan núverandi vegar). Núverandi vegur verður nýttur sem aðkomuvegur.






Mynd 3.6 Ljósmynd (Erla Dóra Vogler): Horft til norðurs frá útafkeyrslu við núverandi veg. Loftmynd (Loftmyndir ehf., 2017): Útlínur áætlaðs efnisvinnslu- og haugsvæðis.

### Vinnsla og frágangur

Svæðið verður nýtt til efnisvinnslu og haugsetningar unnins efnis. Frágangur miðaðst við að jafna svæðið út og aðlaga að nærliggjandi umhverfi.

### Verndargildi

Jarðmyndunin nýtur engrar sérstakrar verndar og hefur þegar verið raskað. Efnisvinnslusvæðið er í verndargildisflokki 5 (mjög lágt verndargildi).

Tafla 3.6 Helstu upplýsingar um efnisvinnslu- og haugsvæðið Öxi 2.

| Efnisvinnslu- og haugsvæðið Öxi 2 | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Jarðmyndun | Eyrar | | Vinnslumagn í mati | 0 m$^3$ |
| Staða efnistöku | Gömul | | Vinnsludýpi | 0 m |
| Landeigandi | Berufjörður II og III | | Frágangur | Jafnað |
| Námurétthafi | - | | Gróðurlendi | Mosi |
| Sveitarfélag | Múlaþing | | Þekja | 5% |
| Kynnt sveitarfélagi | Já | | Svarðlag | Nei |
| Nýting | Vinnslu- og haugssvæði | | Sáning | Nei |
| Flatarmál | 7.300 m$^2$ | | Verndargildi | 5. flokkur |
| Vinnslumagn í skoðun | 0 m$^3$ | | Skipulag | Nei |
| | | | Annað | - |

## 3.7 Samantekt á námu- efnisvinnslu- og haugsvæðum

Tafla 3.7 Yfirlit yfir þau námu-, efnisvinnslu- og haugsvæði sem kanna á matsskyldu fyrir. Yfirlitsmynd fylgir í viðauka A.

| Flokkun | Náma í matsskýrslu | Námuheiti | Staðsetning (stöðvasetningar nýs Axarvegar) | Fastnr. | Jarðmyndun/efnisgerð | Land | Flatarmál (m²) | Magn (m³)* | Magn í matsskýrslu (m³) | Ný/gömul |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Námur | Já | A-4 – Norðan við Tjaldlæk | Náman er í mosagróið jökulruðningsholt ofan við beygju við núverandi veg og rétt neðan við stöðvar 9900-10150. | 22931 | Holt úr jökulruðningi og klöpp | Vatnsskógar | 15.000 | 90.400 | 50.000 | Ný |
| | Já | A-5 – Norðan við Stóralæk | Mosagróið holt sem jökulruðningi og klöpp fast upp við núverandi veg. Vestan nýrrar veglínu við stöð 13350-13500 | 22932 | Holt úr jökulruðningi og klöpp | Vatnsskógar | 8.000 | 23.000 | 17.000 | Gömul |
| | Nei | Norðan við Axarárnes | Klappir, hraunlag, um 400 m norðan við námu E106 (Axarárneseyrar), vestan við stöðvar 11950-12100 | 22938 | Klöpp, hraunlag | Vatnsskógar | 6.800 | 28.000 | | Ný |
| | Nei | Sunnan við Axarárnes | Klapparholt um 300 m sunnan við námu E106 (Axarárneseyrar) austan við stöð 12700-12900 | 22936 | Klapparholt | Vatnsskógar | 24.500 | 124.000 | | Ný |
| Vinnslu- og haugsetningasv. | Nei | Öxi 1 | Farvegur norðan við Merkjahrygg | 22854 | Farvegur | Vatnsskógar | 8.000 | 0 | | Gömul |
| | Nei | Öxi 2 | Farvegur rétt sunnan Merkjahryggs | 22855 | Farvegur | Berufjörður II og III | 5.000 | 0 | | Gömul |

*Fast magn (gera má ráð fyrir að rúmmál bergs aukist við losun).

### 3.8 Frágangur

Við framkvæmdina verður efni í veginn einungis tekið úr skeringum og námum í nágrenni veglínunnar. Lögð verður áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan framkvæmdasvæðisins, sem er skilgreint sem vegstæðið að viðbættum námusvæðum, vinnslu- og haugsvæðum, og akstursleiðum að og frá þeim, auk svæðis fyrir vinnubúðir. Öll umferð vegavinnutækja verður bönnuð utan framkvæmdasvæðisins.

Fyrirhuguð efnistökusvæði eru öll í grennd við vegsvæðið. Efnistakan verður því í mörgum tilvikum talsvert áberandi frá veginum. Til að draga úr sjónrænum áhrifum verður reynt að haga frágangi þannig að ummerki eftir efnistökuna verði hverfandi og lögð rík áhersla á vandaðan frágang í útboðsgögnum.

Við val námusvæða hefur verið miðað við að þau geti fallið vel að umhverfi sínu að efnistöku lokinni. Að öllu jöfnu verður halli fláa á efnistökusvæðunum breytilegur og mun miðast við að fláar efnistökusvæða falli sem best að nálægu umhverfi. Gengið er út frá að halli á stáli í grjótnámum verði 3:1 en halli á fláum í malarnámum verði 1:2–1:10, eftir landslagi í kring. Hallinn getur orðið meiri þar sem landhalli er mikill.

Áður en efnistaka hefst verður lífrænn jarðvegur settur til hliðar og og geymdur til að nota við frágang þegar efnistöku lýkur. Þar sem heillegar gróðurtorfur eru á yfirborði verða þær varðveittar og nýttar við lokafrágang. Allur frágangur verður í samráði við landeigendur og fulltrúa Umhverfisstofnunar. Við frágang verður farið eftir verklagsreglum Vegagerðarinnar og reynt að gera námur minna áberandi með því að aðlaga raskað svæði að landinu í kring. Námur verða ekki unnar niður fyrir grunnvatnsborð. Frágangi verður hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg og allar brúnir gerðar ávalar. Námur verða sléttaðar í samræmi við landslag og halla nálægs umhverfis. Miðað er við að námur á grónum svæðum verði græddar upp. Farið verður eftir leiðbeiningum Vegagerðarinnar um gróðurhönnun á vegsvæðum í dreifbýli. Við uppgræðslu á grónum svæðum, verður gætt að grenndargróðri þar sem það á við.

# 4 Umhverfisáhrif

Helsti áhrifaþáttur framkvæmdarinnar felst í raski vegna efnistöku. Í matsskyldufyrirspurn eru til skoðunar eftirfarandi umhverfisþættir:

- Fornleifar
- Landslag og ásýnd
- Lífríki straumvatns
- Jarðminjar
- Vistgerðir

Í töflu 4.1 má sjá þau viðmið sem höfð eru til hliðsjónar í matinu. Í mati á áhrifum er stuðst við vægiseinkunnir (Tafla 4.2) sem byggja á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar (Skipulagsstofnun, 2005).

Tafla 4.1 Viðmið sem eru höfð til hliðsjónar í matsskyldufyrirspurn þessari.

| Umhverfisþáttur | Viðmið |
|---|---|
| Fornleifar | Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008-2020; Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2008 – 2028; Lög nr. 80/2012 um menningarminjar. |
| Landslag og ásýnd | Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008-2020; Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2008 – 2028; lög nr. 60/2013 um náttúruvernd; Náttúruminjaskrá. |
| Lífríki straumvatns | Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008-2020; Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2008 – 2028; lög nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. |
| Jarðminjar | Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008-2020; Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2008 – 2028; lög nr. 60/2013 um náttúruvernd; Náttúruminjaskrá. |
| Vistgerðir | Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008-2020; Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2008 – 2028; lög nr. 60/2013 um náttúruvernd; Náttúruminjaskrá. |

Tafla 4.2 Vægiseinkunnir umhverfisþátta

| Mjög jákvæð | Jákvæð | Óvissa |
|---|---|---|
| • Veruleg jákvæð breyting á einkennum.<br>• Áhrif eru marktæk á svæðis-,lands- eða heimsvísu og /eða ná til mikils fjölda fólks.<br>• Áhrifin eru til langs tíma og óafturkræf.<br>• Áhrifin auka verndargildi umhverfisþáttar verulega.<br>• Áhrif framkvæmda ganga lengra en viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum. | • Jákvæð breyting á einkennum umhverfisþáttar.<br>• Áhrifin eru svæðisbundin og/eða ná til nokkurs fjölda fólks.<br>• Áhrifin auka verndargildi umhverfisþáttar.<br>• Áhrif framkvæmda samræmast eða ganga lengra en viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum.<br>• Áhrifin geta verið til langs tíma og að nokkru óafturkræf. | • Óvissa og þ.a.l. ekki hægt að fullyrða um áhrif.<br>• Skortur á upplýsingum.<br>• Óvissa ríkir um hvort/hvernig breyting muni ná fram að ganga.<br>• Óvissa um hvaða aðgerðir áætlun mun hafa í för með sér.<br><br>**Engin áhrif / á ekki við**<br>• Engin áhrif / á ekki við |
| **Mjög neikvæð** | **Neikvæð** | **Óveruleg** |
| • Veruleg breyting á einkennum umhverfisþáttar.<br>• Áhrifin eru marktæk á svæðis-, lands- eða heimsvísu og/eða ná til mikils fjölda fólks.<br>• Áhrif framkvæmda eru ekki í samræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum.<br>• Áhrifin rýra verndargildi umhverfisþáttar verulega.<br>• Áhrifin eru til langs tíma og óafturkræf. | • Breyting á einkennum umhverfisþáttar<br>• Áhrifin eru svæðisbundin og/eða ná til nokkurs fjölda fólks.<br>• Áhrifin rýra verndargildi umhverfisþáttar<br>• Áhrifin geta verið til langs tíma og að nokkru óafturkræf<br>• Áhrif framkvæmda kunna að vera í ósamræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum. | • Áhrif breyta ekki eða lítið einkennum umhverfisþáttar.<br>• Áhrifin eru staðbundin og/eða ná til lítils fjölda fólks.<br>• Áhrifin rýra ekki verndargildi umhverfisþáttar.<br>• Áhrif framkvæmda eru í samræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum<br>• Áhrifin eru tímabundin og að öllu eða nokkru leyti afturkræf. |

## 4.1 Áhrif á fornleifar

Fornleifaskráning fór fram árið 2008 á vegum Fornleifastofnunar Íslands (Fornleifastofnun Íslands, 2008). Þá var skoðaður allur vegarkaflinn yfir Öxi ásamt námum og niður í Berufjörð og þá voru nokkrar tillögur að veglínum skráðar. Í dag uppfyllir skýrslan ekki staðla Minjastofnunar Íslands en mæla þarf upp allar fornleifar og staðsetja nákvæmlega. Fornleifaskráning á vegum Antikva ehf. fór fram sumarið 2021 og var tilgangurinn fyrst og fremst að mæla upp þær minjar sem höfðu verið skráðar áður og skoða ný námu- og efnisvinnslusvæði. Fornleifaskráningin (Antikva ehf, 2021) er meðfylgjandi í viðauka B.

Í matsskyldufyrirspurn er áhersla lögð á að leggja mat á áhrif nýrra námu- og efnisvinnslusvæða á fornleifar. Í heild eru þrjár fornleifar (Mynd 4.1) sem koma til með að raskast:

- Á námusvæði námu A-5, norðan við Stóralæk er varða [60:58] sem mun raskast vegna efnistöku. Sú varða er heil og hefur nokkurt minjagildi samkvæmt fornleifaskráningu.
- Á námusvæði námu sunnan við Axarárnes er varða [60:71] sem mun raskast vegna efnistöku. Varðan er hálffallinn og hefur nokkurt minjagildi samkvæmt fornleifaskráningu.
- Í jaðri námusvæðis námu norðan við Axarárnes er varða [60:72]. Varðan er innan skeringarsvæðis veglagningarinnar og kemur til með að raskast óháð efnistöku. Varðan er heil og hefur nokkurt minjagildi samkvæmt fornleifaskráningu.




Mynd 4.1 Staðsetning fornleifa í samhengi við afmörkun nýrra efnistökusvæða. Myndir teknar úr fornleifaskráningu (Antikva ehf, 2021) sem er meðfylgjandi í viðauka B.

Aukin efnistaka kemur til með að breyta lítið til nokkuð verndargildi fornleifa á svæðinu. Áhrif eru að mestu óafturkræf. Áhrif eru metin óveruleg til neikvæð. Í fornleifaskráningu kemur fram að fornleifarnar sem um ræðir hafa verið mældar upp og ætti það að vera fullnægjandi mótvægisaðgerð. Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili eða nokkur annar spilla, granda eða úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Stofnunin segir jafnframt til með hvort og hvaða mótvægisaðgerða þurfi að grípa til.

Vegagerðin mun leita til Minjastofnunar Íslands varðandi mótvægisaðgerðir vegna rasks á ofangreindum fornleifum auk annarra fornleifa sem koma til með að raskast vegna veglínu, samanber fyrirliggjandi umhverfismati og uppfærðri fornleifaskráningu.

Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdatíma verða framkvæmdir stöðvaðar og fundurinn tilkynntur til Minjastofnunar Íslands samanber lög nr. 80/2012 um menningarminjar.

## 4.2 Áhrif á landslag og ásýnd

Í flokkun og kortlagningu landslagsgerða á landsvísu (EFLA og LCU, 2020) fellur svæðið sem, hér er til skoðunar undir yfirflokk nr. 6, *firðir og fjarðarheiðar* og þar í landslagsgerð nr. 6.1, *þröngir jökulsorfnir firðir, fjalllendi og inndalir.* Aukin efnistaka fer fram innan svæðis nr. 6.1.3 sem ber nafnið *Austfirðir, frá Berufirði að Loðmundarfirði*. Svæðinu er lýst þannig: Djúpir og fremur þröngir jökulsorfnir firðir og inndalir. Há og brött fjöll ganga upp frá fjarðarbotnum og þau hæstu ná rúmlega 1.300 m hæð yfir sjávarmáli. Brattar skriður fjallanna eru lítt grónar, grýttar og fremur óstöðugar. Undirlendi getur verið nokkurt og er yfirborð þess mólent, graslent eða votlend og í inndölum er víða birkikjarr. Ár og lækir falla í fossum og renna til sjávar eftir fjarðarbotnum. Einhver byggð er innan flestra fjarða, bæði strjál byggð í dreifbýli og þéttbýlisstaðir (EFLA og LCU, 2020).

### Náma A-4, Norðan við Tjaldlæk

Um er að ræða aukningu á efnismagni úr námu, frá fyrri matsskýrslu. Efni verður tekið úr holti úr jökulruðningi og klöpp sem skorið er í sundur af litlum lækjum, sem liggur meðfram núverandi vegi (Mynd 3.1). Gróðurþekja er um 50% er að mestu mosi, lyng og

gras. Notast verður við núverandi veg og er ekki þörf á slóðagerð. Gengið verður frá námunni í verklok. Leitast verður við að útlínur námu, að lokinni framkvæmd, falli að aðliggjandi landslagi. Áður en efnistaka hefst verður lífrænum jarðvegi á yfirborði ýtt til hliðar og hann geymdur til að nota við frágang þegar efnistöku lýkur. Allur frágangur verður í samráði við fulltrúa Umhverfisstofnunar. Sjá nánar um frágang í kafla 3.8. Efnistaka breytir lítið einkennum landslags og ásýndar og eru áhrif talin óveruleg.

### Náma A-5, Norðan við Stóralæk

Um er að ræða aukningu á efnismagni úr námu, frá fyrri matsskýrslu. Náman er í mosagróið holt sem samanstendur af jökulruðningi og klöpp (Mynd 3.2). Gróðurlendi er að mestu mosi og er gróðurþekja um 70%. Lítil tjörn liggur í lægð suðaustan við holtið. Holtið verður allt unnið niður og brúnir jafnaðar. Miðað er við að vinnsludýpi sé 0,5-5,0 m en ekki verður farið niður fyrir vatnsyfirborð tjarnarinnar. Keyrt verður inn í holtið frá núverandi vegi. Gengið verður frá námunni í verklok. Leitast verður við að útlínur námu, að lokinni framkvæmd, falli að aðliggjandi landslagi. Áður en efnistaka hefst verður lífrænum jarðvegi á yfirborði ýtt til hliðar og geymdur til að nota við frágang þegar efnistöku lýkur. Allur frágangur verður í samráði við fulltrúa Umhverfisstofnunar. Sjá nánar um frágang í kafla 3.8. Efnistaka breytir lítið einkennum landslags og ásýndar og eru áhrif talin óveruleg.

### Náma norðan við Axarárnes

Um er að ræða nýja námu sem ekki var fjallað um í matsskýrslu. Náman er í klapparstall sem hallar niður til suðvesturs (Mynd 3.3). Gróðurþekja er heil nema þar sem laust grjót og klappir standa berar. Gróður er mestmegnis mosi og yfirborð aðeins þýft. Klapparyfirborðið er jökulsorfið og nokkuð mishæðótt og moldarþykkt því talsvert breytileg, eða 0-4,5 m. Talsvert er um laust grjót á svæðinu, bæði á yfirborði og í moldinni. Austan við svæðið er lækjardrag.

Farið verður inn í stallinn austan núverandi vegar og hann unninn inn til vesturs um svo til láréttan flöt, í átt að veglínunni, þar til skering meðfram nýrri veglínu og námusvæðið mætast. Brúnir til norðurs og suðurs verða jafnaðar þannig að líti sem náttúrulegast út. Vinnsludýpi er 0,5-9 m. Gengið verður frá námunni í verklok og leitast við að jafna brúnir til norðurs og suðurs þannig að falli að aðliggjandi landslagi. Áður en efnistaka hefst verður lífrænum jarðvegi á yfirborði ýtt til hliðar og geymdur til að nota við frágang þegar efnistöku lýkur. Allur frágangur verður í samráði við fulltrúa Umhverfisstofnunar. Sjá nánar um frágang í kafla 3.8. Efnistaka kann að breyta einkennum landslags og ásýndar og eru áhrif talin óveruleg til neikvæð.

### Náma sunnan við Axarárnes

Um er að ræða nýja námu. Náman er í jökulruðnings- og klapparholti og sker núverandi vegur vestasta hluta holtsins (Mynd 3.4). Ný veglína kemur til með að stækka þá skeringu lítillega. Gróðurþekja er heil, að mestu mosi og lyng, og er yfirborð lítillega þýft. Holtið verður allt unnið niður og brúnir jafnaðar. Vinnsludýpi er 0,5-10 m. Farið verður inn í holtið frá núverandi vegi. Gengið verður frá námunni í verklok. Leitast verður við að útlínur námu, að lokinni framkvæmd, falli að aðliggjandi landslagi. Áður en efnistaka hefst verður lífrænum jarðvegi á yfirborði ýtt til hliðar og geymdur til að nota við frágang þegar efnistöku lýkur. Allur frágangur verður í samráði við fulltrúa Umhverfisstofnunar. Sjá nánar um frágang í kafla 3.8. Efnistaka kann að breyta einkennum landslags og ásýndar og eru áhrif talin óveruleg til neikvæð.

### Efnisvinnslu- og haugsvæðið Öxi 1

Um er að ræða efnisvinnslu- og haugsvæði sem ekki var fjallað um í matsskýrslu. Svæðið er gamalt efnistökusvæði og er framburður lækjar sem kemur niður hlíðina við

norðurenda raskaðs svæðis (Mynd 3.5). Vestan við námuna er lágt holt. Lækurinn rennur vestan til í námubotninum, undir holtinu, áður en hann er leiddur um ræsi undir núverandi veg. Námubotninn er ósléttur og nokkrir stærri steinar á yfirborði. Raskað svæði er um 8.600 $m^2$ að stærð. Frágangur miðaðst við að jafna svæðið út og aðlaga að nærliggjandi umhverfi. Allur frágangur verður í samráði við fulltrúa Umhverfisstofnunar. Sjá nánar um frágang í kafla 3.8. Efnisvinnslan er líklegt til að breyta lítið einkennum landslags og ásýndar og eru áhrif talin óveruleg.

#### Efnisvinnslu- og haugsvæðið Öxi 2

Um er að ræða efnisvinnslu- og haugsvæði sem ekki var fjallað um í matsskýrslu. Svæðið er gamalt efnistökusvæði og stendur upp við núverandi veg (Mynd 3.6). Um er að ræða lækjarframburð. Lækur rennur vestan til í námubotninum, áður en hann er leiddur um ræsi undir núverandi veg. Raskað svæði er um 7.400 $m^2$ að stærð. Námubotninn er ósléttur. Núverandi vegur verður nýttur sem námuvegur. Frágangur miðaðst við að jafna svæðið út og aðlaga að nærliggjandi umhverfi. Allur frágangur verður í samráði við fulltrúa Umhverfisstofnunar. Sjá nánar um frágang í kafla 3.8. Efnisvinnslan er líklegt til að breyta lítið einkennum landslags og ásýndar og eru áhrif talin óveruleg.

Aukin efnistaka er í heild líkleg til að hafa óveruleg til neikvæð áhrif á landslag og ásýnd.

### 4.3 Áhrif á lífríki vatns

Suðurlandsdeild Veiðimálastofnunar gerði úttekt á vatnalífi á sínum tíma vegna umhverfismats vegagerðar um Öxi og Berufjarðarbotn (Benóný Jónsson & Karólína Einarsdóttir, 2008).

Í þeirri úttekt voru tekin sýni í Skriðuvatni, Axará, í tjörnum á Öxi og í Berufirði og í Berufjarðará. Niðurstöðurnar voru þær að bleikuseiði fundust í Axará og í Skriðuvatni fundust bæði bleikju- og urriðaseiði. Þá fundust bleikjuseiði einnig í fiskgengum hluta Berufjarðarár. Við skoðun á botndýrasamfélögum kom í ljós að uppistaðan er að mestu rykmý í bæði Berufjarðará og Axará og að hluta til smádýrahópourinn ánar. Mikil tegundafæð og lítill þéttleiki smádýra einkenndi Skriðuvatn. Í tjörnunum fimm sem sýni voru tekin úr á Öxi og í Berufirði fundust 8-16 dýrahópar/tegundir smádýra og þar af voru krabbadýr algengust. Í greinargerðinni segir að niðurstöður rannsóknarinnar bendi til þess að fána vatnakerfanna sé fremur fábreytt og þéttleiki hennar lítill.

Í umræðuræðuhluta greinargerðarinnar um áhrif framkvæmda kemur fram að það sem helst beri að varast séu breytingar á farvegum áa og lækja. Gæta þurfi að því að farvegur verði ekki mjórri, breiðari, grynnri eða dýpri eftir framkvæmdir og að botngerð haldist eins og fyrir framkvæmdir.

Þá er bent á það að þrátt fyrir að fána vatnakerfanna sé fábreytt og þéttleiki lítill þýði það ekki að vatnalífríkið sé ómerkilegt. Bent er á að tjarnir, votlendi, lækir og ár myndi órjúfanlega heild og aðgerðir tengdar framkvæmdum ofar í vatnasviðinu geta haft áhrif neðar í kerfinu.

#### Náma A-4, norðan við Tjaldlæk

Náman kemur til með að standa ofan núverandi vegar, en neðan við veginn rennur Axará (Mynd 3.1). Í ánni hafa fundist bleikjuseiði. Helsta áhætta á neikvæðum áhrifum felst í að grugg berist í ánna sem kann að hafa áhrif á lífríki árinnar. Áhættan er talin í lágmarki og verður þess gætt að ekki verði farið út fyrir það svæði sem afmarkað er fyrir námuna. Áhrif á lífríki vatns eru metin óveruleg.

Sækja þarf um leyfi fyrir efnistökunni til Fiskistofu þar sem framkvæmdin er innan við 100 m frá ánni, sbr. 33.gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

### Náma A-5, norðan við Stóralæk

Náman er í mosagróið holt og liggur lítil tjörn í lægð suðaustan við holtið, utan marka námunnar (sjá Mynd 3.2).

Í úttekt Veiðimálastofnunar var sýni tekið úr tjörninni. Þar kom í ljós að helmingi færri tegundir voru í þessari tjörn samanborið við aðrar tjarnir sem skoðaðar voru á Öxi. Mest bar á árfætlum (60%) en líka nokkuð af stökkmor og maurum sem fundust í litlum mæli í öðrum tjörnum.

Tjörnin stendur utan við efnistökusvæðið og verður þess gætt að raska henni ekki, áhrif eru metin óveruleg.

### Náman norðan við Axarárnes

Engar tjarnir, ár eða lækir eru innan efnistökusvæðisins, en austan þess er lækjardrag. Ekki er líklegt að efnistakan hafi áhrif á vatnalíf læksins og eru áhrif metin óveruleg.

### Náman sunnan við Axarárnes

Engar tjarnir, ár eða lækir eru innan efnistökusvæðisins, en sunnan þess rennur lækur. Ekki er líklegt að efnistakan hafi áhrif á vatnalíf læksins og eru áhrif metin óveruleg.

### Efnisvinnslu og haugsvæði: Öxi 1

Svæðið er gamalt efnistökusvæði. Lækur rennur kemur niður hlíðina við norðurenda raskaða svæðisins og rennur svo vestan til í gamla námubotninum áður en hann er leiddur um ræsi undir núverandi veg. Upplýsingar um dýralíf í læknum liggja ekki fyrir en ekki er gert ráð fyrir að raska honum á neinn hátt og eru áhrif metin óveruleg.

### Efnisvinnslu og haugsvæði: Öxi 2

Svæðið er gamalt efnistökusvæði og rennur lækur vestan til í námubotninum, áður en hann er leiddur um ræsi undir núverandi veg. Greining á lífríki lækjarins liggur ekki fyrir en hann er grunnur og líklega ekki fiskgengur og leitast verður við að nýta þann hluta svæðisins sem er utan lækjarfarvegarins (sjá Mynd 4.2). Áhrif eru talin óveruleg þar sem um þegar raskað svæði er að ræða.




Mynd 4.2 Efnisvinnslu- og haugsetningarsvæði Öxi 2. Sjá má að lækur rennur um svæðið.

Aukin efnistaka er í heild líkleg til að hafa óveruleg áhrif á lífríki vatns.

## 4.4 Vistgerðir

Á efnistökusvæðum eru vistgerðir nokkuð áþekkar samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir, María Harðardóttir, ritstj., 2016). Við fyrirhugaða efnistökustaði einkennist gróðurfar af mó- og moslendi með vistgerðisflákum inn á milli (Mynd 4.3). Á efnistökusvæðum má finna votlendisvistgerðir. Rekjuvist og hrossanálarvist hafa miðlungs verndargildi, hengistararflóavist hátt verndargildi og brokflóavist, starungsflóavist og starungsmýravist hafa mjög hátt gildi. Þessar vistgerðir, fyrir utan hengistararflóavist og brokflóavist, eru jafnframt á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Aðrar vistgerðir á svæðinu hafa að mestu lágt til miðlungs verndargildi. Lyngmóavist á hálendi og láglendi hafa hátt verndargildi. Hélumosavist og lyngmóavist á láglendi eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.




Mynd 4.3 Vistgerðir á efnistökusvæðum samanber vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir, María Harðardóttir, ritstj., 2016).

Á efnisvinnslu- og haugsvæðum eru vistgerðir fábreyttari (Mynd 4.4). Þar er ríkjandi vistgerð eyðimelavist og hefur svæðunum þegar verið raskað. Vistgerðirnar hafa lágt til miðlungs verndargildi.







Mynd 4.4 Vistgerðir á efnisvinnslu og haugsvæðum samanber vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir, María Harðardóttir, ritstj., 2016).

Samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (60/2013) nýtur votlendi sem nær yfir 20.000 $m^2$ sérstakrar verndar sem forðast ber að raska nema brýna nauðsyn beri til. Umrædd svæði ná ekki þeim viðmiðum. Við undirbúning og hönnun framkvæmdar hefur verið leitast við að draga úr raski á ósnortnu landi eins og kostur er t.a.m. með því að útvíkka skeringar í námur, í stað þess að opna nýjar. Að mati Vegagerðarinnar er óhjákvæmilegt að raska votlendisvistgerðum og vistgerðum með hátt eða mjög hátt verndargildi til að ná fram markmiðum veglagningarinnar, sem er að bæta vegasamband á svæðinu, styrkja þar með byggð á Austurlandi og auka umferðaröryggi.

Með tilliti til viðkvæmni svæðis eru efnistökusvæðin líkleg til að hafa óveruleg til neikvæð áhrif á vistgerðir. Áhrif eru staðbundin og breyta lítið einkennum vistgerða á svæðinu en kunna að rýra verndargildi þeirra. Efnisvinnslu- og haugsvæði er líkleg til að hafa óveruleg áhrif á vistgerðir.

## 4.5 Jarðminjar

Á efnistöku- og efnisvinnslusvæðum eru ekki jarðmyndanir sem njóta verndar. Náma A-4, norðan við Tjaldlæk og Náma A-5, norðan við Stóralæk eru í mosagrónum holtum úr jökulruðningi og klöpp. Náma norðan við Axarárnes er í klapparstalli og er klapparyfirborðið jökulsorfið og nokkuð mishæðótt. Náma sunnan við Axarárnes stendur í jökulruðnings- og klapparholti. Efnisvinnslusvæðin standa bæði í lækjarframburði og hefur svæðunum þegar verið raskað. Við frágang verður rík áhersla lögð á vandaðan frágang í útboðsgögnum og miðað við að þau falli vel að umhverfi sínu að efnistöku lokinni.

Áhrif eru staðbundin og breyta lítið einkennum jarðminja á svæðinu. Efnistaka kemur ekki til með rýra verndargildi jarðminja. Aukin efnistaka er líkleg til að hafa óveruleg áhrif á jarðminjar.

### 4.6 Samantekt umhverfisáhrifa

Tafla 4.3 Samantekt yfir áhrif framkvæmda á einstaka umhverfisþætti

| Efnistökusvæði | Fornleifar | Landslag og ásýnd | Lífríki vatns | Vistgerðir | Jarðminjar |
|---|---|---|---|---|---|
| Náma A-4 | Engin | Óveruleg | Óveruleg | Óveruleg til neikvæð | Óveruleg |
| Náma A-5 | Óveruleg til neikvæð | Óveruleg | Óveruleg | Óveruleg til neikvæð | Óveruleg |
| Norðan við Axarárnes | Óveruleg | Óveruleg til neikvæð | Óveruleg | Óveruleg til neikvæð | Óveruleg |
| Sunnan við Axarárnes | Óveruleg til neikvæð | Óveruleg til neikvæð | Óveruleg | Óveruleg til neikvæð | Óveruleg |
| Efnisvinnslu- og haugsvæði | | | | | |
| Öxi 1 | Engin | Óveruleg | Óveruleg | Óveruleg | Óveruleg |
| Öxi 2 | Engin | Óveruleg | Óveruleg | Óveruleg | Óveruleg |

# 5 Samráð

Gert er ráð fyrir að leitað verði umsagna um matsskyldufyrirspurn til fagstofnana og leyfisveitenda, sem eru m.a.:

- Heilbrigðiseftirlit Austurlands
- Umhverfisstofnun
- Fiskistofa
- Minjastofnun Íslands
- Múlaþing
- Náttúrufræðistofnun Íslands

# 6 Leyfi sem framkvæmdin er háð

Framkvæmdin er háð eftirfarandi leyfum:

- Framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins Múlaþings sbr. 13. gr. skipulagslagsa nr. 123/2010.
- Leyfi Minjastofnunar Íslands vegna rasks á fornleifum, sbr. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.
- Leyfi Fiskistofu til framkvæmda við veiðivötn skv. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði vegna námu A-4.

# 7 Niðurstaða mats

Fyrirhuguð efnistöku-, efnisvinnslu- og haugsetningarsvæði vegna Axarvegar eru í heild líkleg til að hafa óveruleg til neikvæð áhrif á umhverfisþætti. Helstu áhrif framkvæmda verða á landslag og ásýnd, fornleifar og vistgerðir. Framkvæmdin raskar ekki svæðum eða jarðmyndunum sem njóta verndar.

Að mati Vegagerðarinnar eru umhverfisáhrif vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar, að teknu tilliti til mótvægisaðgerða og verklags, ekki þess eðlis að þau geti talist umtalsverð í skilningi laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og sé því ekki háð umhverfismati.

# 8 Heimildir

Antikva ehf. (2021). *Vegur yfir Öxi. Fornleifaskráning.* Unnið fyrir Vegagerðina.

Benóný Jónsson, & Karólína Einarsdóttir. (2008). *Áhrif vegagerðar um Öxi og Berufjarðarbotn á vatnalíf.* Selfoss: Veiðimálastofnun.

Djúpivogur. (18. 1 2022). *Berufjörður*. Sótt frá Djúpivogur: https://djupivogur.is/Djupivogur/Nattura/Berufjordur/

EFLA og LCU. (2020). *Landslag á Íslandi. Flokkun og kortlagning landslagsgerða á landsvísu.* Unnið fyrir Skipulagsstofnun.

Fornleifastofnun Íslands. (2008). *Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda á Öxi og í botni Berufjarðar.* Unnið fyrir Vegagerðina.

Hagstofa Íslands. (30. 3 2022). *Mannfjöldi eftir byggðakjörnum, kyni og aldri 1.desember 2001-2021*. Sótt frá Hagstofa Íslands: https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__mannfjoldi__2_byggdir__Byggdakjarnar/MAN030101.px/table/tableViewLayout1/?rxid=7c1ca384-8149-4365-81fe-d7342641a01a

Namur.is. (19. 1 2022). *Undirbúningur*. Sótt frá Námur.is Allt um efnistsöku og frágang: http://www.namur.is/undirbuningur-efnistoku/verndarflokkun-vegag/.

Skipulagsstofnun. (2005). *Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.* Reykjavík: Skipulagsstofnun.

Vegagerðin. (2011). *Axarvegur(939), Hringvegur (1) í Skriðdal og Hringvegur (1) um Berufjarðarbotn. Mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla.* Vegagerðin.

Vegagerðin. (2013). *Axarvegur (939), Hringvegur (1) í Skriðdal og Hringvegur (1) um Berufjarðarbotn: Breytt lega Axarvegar milli Háubrekku og Reiðeyrar. Kynning framkvæmda vegan könnunar á matsskyldu.* Vegagerðin.

# 9 Viðauki

**Viðauki A |** Axarvegur: Yfirlitsmynd af námum.

**Viðauki B |** Fornleifaskráning Antikva ehf.




Landmælingar: Vegagerðin
Hnitakerfi: ÍSN93 Hæðarkerfi: Landshæðarnet
Loftmyndataka og myndmæling: Loftmyndir ehf.
Flughæð: 3000m Möskvastærð: 10x10m.
Kortagerð: Vegagerðin

| | | | |
|---|---|---|---|
| Vegagerðin | | Axarvegur<br>Skriðdalur-Berufjörður | Dags. 26.01.2022 |
| Mælikvarði 1:50.000 | Hannað Mannvit | | Útboðsnr. - |
| | Teiknað MO | Yfirlitsmynd<br>Námur<br>St 6600 - 26615 | Vegnr. 939-01 |
| | Yfirfarið - | | Hönnunarstig - |
| Blaðstærð A3 | Samþykkt - | | Teikn. nr. B-00 / Útg. A |

S:\Mannvirki\9\939 Axarvegur\093911T Axarvegur\05 Grunngögn\Landakaup\939-01_Landeigendateikningar\939-01_sra_2022_Axarvegur-Yfirlit-námur.dgn




Landmælingar: Vegagerðin
Hnitakerfi: ÍSN93 Hæðarkerfi: Landshæðarnet
Loftmyndataka og myndmæling: Loftmyndir ehf.
Flughæð: 3000m Möskvastærð: 10x10m.
Kortagerð: Vegagerðin

| | | | |
|---|---|---|---|
| Vegagerðin | | Axarvegur<br>Skriðdalur-Berufjörður | Dags. 26.01.2022 |
| Mælikvarði 1:25.000 | Hannað Mannvit | | Útboðsnr. - |
| | Teiknað MO | Yfirlitsmynd<br>Námur<br>St 6600 - 26615 | Vegnr. 939-01 |
| | Yfirfarið - | | Hönnunarstig - |
| Blaðstærð A3 | Samþykkt - | | Teikn. nr. B-01 / Útg. A |




S:\Mannvirki\9\939 Axarvegur\0939117 Axarvegur\05 Grunngögn\Landakaup\939-01_Landeigendateikningar\939-01_sra_2022_Axarvegur-Yfirlit-námur.dgn

Landmælingar: Vegagerðin
Hnitakerfi: ÍSN93 Hæðarkerfi: Landshæðarnet
Loftmyndataka og myndmæling: Loftmyndir ehf.
Flughæð: 3000m Möskvastærð: 10x10m.
Kortagerð: Vegagerðin

| Vegagerðin | | Axarvegur | Dags. 26.01.2022 |
|---|---|---|---|
| Mælikvarði 1:25.000 | Hannað Mannvit | Skriðdalur-Berufjörður | Útboðsnr. - |
| | Teiknað MO | Yfirlitsmynd | Vegnr. 939-01 |
| | Yfirfarið - | Námur | Hönnunarstig - |
| Blaðstærð A3 | Samþykkt - | St 6600 - 26615 | Teikn. nr. B-02 / Útg. A |

ANTIKVA EHF 2021

# Vegur yfir Öxi

## Fornleifaskráning

**Ragnheiður Traustadóttir og Indriði Skarphéðinsson**





**Mynd 1 Fornleifaskráningarsvæðið**

Forsíðumynd: Varða 60:47 er fast vestan við slóða að Ódáðavötnum og hefur verið við gömlu leiðina yfir Öxi.

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Ragnheiður Traustadóttir

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir & Hermann Jakob Hjartarson

www.antikva.is

Útgefandi: Antikva ehf.

ISBN númer: 978-9935-525-10-9

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af Knut Paasche og Indriða Skarphéðinssyni

@ Ragnheiður Traustadóttir

# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .......... 3

Myndaskrá .......... 4

Inngangur .......... 6

Fornleifaskráningar og skráningarsvæðið .......... 7

Tilgangur fornleifaskráningar .......... 8

Fornleifaskráning og aðferðir .......... 13

Tegund, hlutverk og heiti .......... 13

Staðsetning .......... 13

Staðhættir og lýsing .......... 14

Hættumat .......... 14

Mótvægisaðgerðir .......... 14

Fornleifar í mikilli hættu .......... 15

Öxi [691:2] heimild um leið .......... 15

Vörður sem fara undir veginn .......... 16

Vörður [60:48]og [60:49] samgöngubót .......... 17

Varða [60:50] samgöngubót .......... 17

Varða [60:52] samgöngubót .......... 18

Varða [60:53] samgöngubót .......... 19

Varða [60:57] samgöngubót .......... 20

Varða [60:74] samgöngubót .......... 21

Vörður í mikilli hættu vegna efnistöku ... 22

Varða [215:69e] samgöngubót ... 22

Tóft [215:60] óþekkt ... 24

Fornar leiðar [215:74], [215:75] og varða [215:63] ... 26

Smalabyrgi – aðhald [215-76] ... 27

Fornleifar í lítilli hættu ... 28

Fornleifar í engri hættu ... 29

Samantekt og niðurstöður ... 30

Heimildir ... 32

## Myndaskrá

Mynd 1 Fornleifaskráningarsvæðið ... 2

Mynd 2 Skjáskot af landfræðilega skráningargrunninum fyrir fornleifaskráningu. ... 8

Mynd 3  Skráningarform í Austurlands grunninum sem fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands. ... 12

Mynd 4 Fallin varða – vörðubrot [60:48] ... 16

Mynd 5 Varða [60:50] fallin að mestu. ... 17

Mynd 6 Varða [60:52] hlaðin ofan á stein og fallin. ... 18

Mynd 7 Varða [60:53]. ... 19

Mynd 8 Varða [60:57]. ... 20

Mynd 9 Varða [60:75] lendir undir miðju vegstæðinu. ... 21

Mynd 10 Fallin varða [215:69] á Refshöfða hættu vegna efnistöku. 22

Mynd 11 Leiðin á milli Árnahúsa, fjárskjóla og Ullarhellis. 23

Mynd 12 Tóft [2015:60] sem fer undir veginn. 24

Mynd 13 Hin forna leið [215:75] sem liggur frá bæjarstæði Árnahúsum niður í Berufjörð. 25

Mynd 14 Varða [215:63] sem liggur sunnan við leið [2015:74]. 26

Mynd 15 Byrgi kannski smalabyrgi eða lítið aðhald [215-76]. Ljósmynd EDV. 27

Mynd 16 Fornleifar sem eru í lítilli hættu eru 12 fornleifar. 27

Mynd 17 Tafla sem sýnir 44 fornleifar sem engin hætta er á vegna vegarins. 28

Mynd 18 Árnahús, bæjarstæðin, útirhús og túngarður 29

# Inngangur

Að beiðni Axels Viðars Hilmarssonar, hjá Vegagerð ríkisins, tók Ragnheiður Traustadóttir fyrir hönd Antikvu ehf. að sér fornleifaskráningu fyrir Vegagerðina, vegna nýs vegar yfir Öxi í Múlaþingi.

Svæðið sem um er ræða er allur vegkaflinn yfir Öxi ásamt námum og niður í Berufjörð. Fornleifaskráning fór fram árið 2008 á vegum Fornleifastofnunar Íslands Ses.[1], en þá voru hinar mismunandi tillögur að veglínum skráðar. Skýrslan sem var unnin þá er mjög ítarleg og voru 64 fornleifar skráðar á stærra svæðið en nú er skoðað. Í dag uppfyllir hún ekki staðla Minjastofnunar Íslands en mæla þarf upp allar fornleifar og staðsetja nákvæmlega.

Fornleifaskráning sem fór fram í sumar var því fyrst og fremst að mæla upp allar þær minjar sem höfðu verið skráðar áður og skoða námusvæðin. Meta þá hættuna sem fornleifum stafar að fyrirhugaðri veglínu og námusvæðum og leggja til mótvægisaðgerðir.

Við skráninguna í sumar voru mældar upp 72 fornleifar sem eru á framkvæmdasvæðinu, flestar þeirra eru vörður sem voru við gömlu leiðina yfir Öxi, fjárskjól, selsminjar og bæjarrústir ásamt útihúsum við Árnahús, en þar er að finna einstakt menningarlandslag af fornleifum sem ekki hefur verið raskað. Fleiri vörður voru skráðar við þessa fornleifaskráningu en í fyrri skráningunni auk þess voru götur mældar upp. Erla Dóra Vogler, jarðfræðingur gaf upplýsingar um tvær vörður og skjól sem við höfðum misst af við okkar fornleifaskráningu.

Í eldri skráningarskýrslunni voru fornleifar vegna hringvegar um Berufjarðarbotn. Sú framkvæmd hefur farið fram og þær minjar eru því fyrir utan áhrifasvæðis framkvæmda nú og eru ekki til umfjöllunar í þessari skýrslu. Þær voru allar mældar upp og voru 17 talsins.

[1] Þóra Pétursdóttir, Ásta Hermannsdóttir og Lísa Rut Björnsdóttir 2008. Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda á Öxi og í botni Berufjarðar.

Skýrsla þessi mun aðeins fjalla um þær minjar sem eru í mikilli hættu og þær sem þarf að fara með gát í kringum við vegagerðina. Annars vísast í fornleifaskrá sem fylgir með og eldri fornleifaskráningarskýrsluna.

Fornleifar sem eru í mikilli hættu eru tíu vörður, ein tóft [215:60] þessar fornleifar munu hverfa undir veginn eða við efnistöku. Síðan eru tólf vörður sem þarf að sýna aðgát hjá við framkvæmdina en þær eru frá 40 -70 m frá miðlínu vegstæðisins. Aðgát þarf líka við skjólbyrgi [215:76] og leiðir [215-74 og 215:75] en leiðirnar munu raskast að einhverju leiti.

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimildasöfnun, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan framkvæmda svæðisins, svo sem hættumat, og skýrslu- og kortagerð. Við fornleifaskráninguna var farið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Skýrsluhöfundur sá um vettvangsvinnu, heimildavinnu og skýrsluskrif en auk þess unnu við skráninguna, fornleifafræðingarnir Indriði Skarphéðinsson, Knut Paasche og Kolbrún Þóra Sverrisdóttir, líffræðingur.

Með skýrslunni fylgja fornleifaskrár og stafrænn hnitagrunnur.

## Fornleifaskráningar og skráningarsvæðið

Árið 2004 fór fram svæðisskráning fornleifa í Djúpavogshreppi og sá Fornleifastofnun Íslands um hana.[2] Árið 2008 annaðist Fornleifastofnun Íslands síðan deiliskráningu á Öxi vegna nýrrar vegalagningar og endurbóta á fjallveginum milli Berufjarðar og Skriðdals og endurbóta á Hringvegi frá norðurenda Skriðuvatns að Axarvegi og fyrir botni Berufjarðar.[3] Fyrri skráningar eru nýttar eftir því sem hæfir í skýrslunni sem hér fer á eftir, einkum þó skráningin á Öxi en annars fylgir fornleifaskrá með.

[2] Sædís Gunnarsdóttir, 2004.
[3] Þóra Pétursdóttir, Ásta Hermannsdóttir og Lísa Rut Björnsdóttir, 2008.

Skráningin sem hér fer á eftir er þó viðameiri en fyrri skráningar á svæðinu og fer eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands sem hafa breyst hvað varðar fornleifaskráningu. Nú ber að mæla upp allar minjar og er það gert í þessari skráningu.




**Mynd 2 Skjáskot af landfræðilega skráningargrunninum fyrir fornleifaskráningu.**

## Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum. Í þessu tilviki, þar sem unnið er að deiliskipulagi á útvistarsvæði, verða til möguleikar á að kynna og nýta minjar á svæðinu.

Ekki er það síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrám með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

286, Bæjarhóll, Arkeologiska object

Attributes | Text | Relations | Geo Objects | Documents | Events

| Attribute | Value |
|---|---|
| Id | 286 |
| Name | Bæjarhóll |
| Class | Arkeologiska object |
| Gömul númer | 215:23A |
| Sérheiti | Árnhús/Árnahús |
| Bæjarnafn | Árnahús |
| Jarðatal Johnsen | 215 |
| Flokkun | Búsetuminjar |
| Tegund | Bæjarstæði |
| Efni | Torf og grjót |
| Lengd | 17 meter |
| Breidd | 9.8 meter |
| Hæð | 1,20 metrar |
| Athugasemdir | Heildstætt menningarlandslag |
| Umhverfi | Sunnan ár fast neðan klettablettis ofan Ástufoss |
| Gróður | Gróið, gras |
| Svæði | Árnhústún |
| Heimildir | FSI 2008:27-28 |
| Örnefnaskrá | Ö-Berufjörður, 10 |
| Aldur | 900-1900 |
| Skráning | IS-RT-KP |
| Mæling | Uppmæling |
| Dagur | 09.07..2021 |
| Horfin | Nei |
| Horfin_astæða | <None> |
| Hættumat | Engin hætta |
| Hættuorso | <None> |
| Ástand | Vel greinanlegar fornleifar |
| Minjagildi | <None> |
| Verkefni | Fornleifaskráning Öxi |
| Sveitarf | Múlaþing |
| Friðað | Já |
| Friðlýst | Nei |
| Hlutverk | Býli |

**Mynd 3 Skráningarform í Austurlands grunninum sem fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands.**

# Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar undir jarðirnar Þingmúla og Berufjörð. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig sem verður fyrir áhrifum af framkvæmdinni annars vísar fornleifaskráin í eldri fornleifaskráninguna. Ljósmyndir voru teknar og gerð kort, auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Minjar eru auðkenndar með gamla skráningarnúmerinu og sérheiti þeirra ef við á, til dæmis „[Árnhús/Árnahús]“ og tegund þeirra, til dæmis „varða  [60:50]“, síðan er hlutverk „samgöngubót“ nefnt á eftir númeri til frekari skýringar. Ef stendur *heimild* á eftir númeri þá hafa ekki fundist fornleifar á vettvangi. Fyrsta númer í fornleifaskránni sem fylgir með er númer skráningarinnar í landfræðilega gagnagrunni Antikvu fyrir Austurland yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar.

## Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, götu, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé um til dæmis útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, til dæmis Árnhús/Árnahús [215:23], er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, til dæmis gata eða túngarður.

## Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Austurlands. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Í hjálagðri fornleifaskrá eru gefin upp GPS hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á.

Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

## Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðháttum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

## Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna.

## Mótvægisaðgerðir

Ef minjar eru í hættu vegna framkvæmda er lagt til að framkvæmdum sé beint frá minjastaðnum. Ef það er ekki hægt er komið með tillögur að mótvægisaðgerðum. Það er þó alltaf Minjastofnun Íslands sem ákveður hvort og með hvaða hætti hvað þarf að gera.

# Fornleifar í mikilli hættu

## Öxi [691:2] heimild um leið

"Axarvegur liggur upp úr dalbotninum upp bratta klettahjalla og brekkur. Hæstur er hjallinn upp af Vagnbrekku og þar er brattastur jeppavegurinn, sem ruddur var yfir þessa gömlu alfaraheiði nú á sjötta áratugi aldarinnar. Áður lá kaupstaðaleið þeirra Héraðsmanna sem á Djúpavogi versluðu, um Öxi og þar lagði leið sína forðum Hrafnkell Freysgoði, er hann fór sneypuförina á Þingvöll eftir dráp Einars smala. Þjóðleið frá upphafi landsbyggðar," segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi. "Skarðið, sem er fyrir innan [Flögutind og Grýlutind] heitir Berufjarðarskarð. Um það lá þjóðleiðin og var býsna fjölfarin fram að bílaöldinni."..."Úr Berufjarðardal liggur gamall vegur - nú að nokkru endurbættur - yfir í Skriðdal. Það er kallað að fara Öxi, Axarveg eða jafnvel Axarheiði áður fyrr. Þegar Héraðsmenn fóru kaupstaðarferðir á Djúpavog fóru þeir Öxi. En af Axarvegi lágu götur upp Merkjahrygg, yfir mjótt sund í Ódáðavötnum, síðan um Búðatungur, Hornbrynjuslakka og ofan í Fljótsdal. Þessa leið fóru Fljótsdælingar. Enn má sjá gömlu göturnar upp Merkjahrygginn og nú hefur verið ruddur vegur upp hrygginn vegna stíflugerðar í Ódáðavötnum." [4]

Gamla leiðin lá úr botni Berufjarðar yfir Öxi og í Skriðdal, nokkurn veginn eins og akvegurinn núna en ferðalangar sem ætluðu í Fljótsdal beygðu vestur yfir heiðina þar sem nú er afleggjari að Ódáðavötnum. Berufjarðar megin liggur Axarvegur í miklum bratta utan í klettahjöllum og þegar upp á heiðina kemur hlykkjast hann um hæðir og gróðursnauða vindbarða mela. Þar sem vegurinn liggur hæst er hann um 530 metra yfir sjávarmáli. Hann byrjar svo að lækka aftur eftir háheiðina á þeim slóðum sem beygt er inn á afleggjarann að Ódáðavötnum. Sé beygt yfir í Fljótsdal hækkar sá vegur hins vegar enn frekar til vesturs áður en byrjar að lækka undan honum.

[4] SJM III, 400; Ö-Berufjörður, 1, 8-9

Norðar á heiðinni milli Berufjarðar og Skriðdals verður landslagið smám saman gróskumeira og gróin holt og móar eru beggja vegna akvegarins. Á heiðinni eru fjölmargar vörður við veginn eða nálægt honum en þær hafa vafalítið varðað gömlu leiðina. Eftirtektarvert er þó hve þeim fækkar þegar norðar dregur og nánast engar vörður eru á alnyrsta vegarkaflanum. Allflestar vörður sem hafa verið skráðar í þessari skráningu hafa verið við leiðina og sums staðar má sjá leifar af leiðinni þar sem akvegurinn í dag hefur ekki farið yfir hana. Þær voru mældar upp þar sem þær sáust.

## Vörður sem fara undir veginn



**Mynd 4 Fallin varða – vörðubrot [60:48].**

## Vörður [60:48]og [60:49] samgöngubót

Vörðurbrot [60:48] og varða [60:49] er fast austan við núverandi þjóðveg. Vörðubrotið er líklega á gömlu leiðinni yfir Öxi, sem lá eins og þjóðvegur nú á mosagrónum mel. Brotið er um 0,5x0,5 m að stærð í grunninn og 0,5 á hæð.Varðan er fallin og hefur því lítið minjagildi. Varða [60:49] er betur varðveitt grunnflötur 1,3x1,0 m og hæð

Það ætti að vera fullnægjandi að hafa mælt þær upp og ljósmyndað sem mótvægisaðgerð.



**Mynd 5 Varða [60:50] fallin að mestu.**

## Varða [60:50] samgöngubót

Varða er á holti fast vestan við núverandi þjóðveg þar sem hann liggur yfir heiðina. Hún er líklega á gömlu leiðinni yfir Öxi 691: 2, sem lá nokkurn veginn eins og þjóðvegur nú. Á mosagrónum hól. Þegar hún var skráð árið 2008 var henni lýst eftirfarandi: „Grunnflötur vörðunnar er um 1x1 m. Hún er topphlaðin, en hrunið úr henni til norðurs. Hæð hennar er um

1 m. Umför eru afar mörg, en varðan er hlaðin að mestu úr hellugrjóti". Varðan hefur fallið alveg núna og má aðeins sjá 2 umför. Ekki er ljósmynd í eldri skýrslunni af henni.

Það ætti að vera fullnægjandi að hafa mælt hana upp og ljósmyndað sem mótvægisaðgerð.



**Mynd 6 Varða [60:52] hlaðin ofan á stein og fallin.**

## Varða [60:52] samgöngubót

Varðan er á dálítilli klöpp um 20 m vestan við núverandi þjóðveg, þar sem hann liggur yfir háheiðina. Hún er á gömlu leiðinni yfir Öxi, sem lá eins og þjóðvegur. Varðan er fallin en þegar hún var skráð árið 2008 var henni lýst svona: „Varðan er reisuleg, um 1,2 m á hæð og 9 umför. Grunnflötur hennar er um 0,5x0,5 m en hún er topphlaðin". Uppmæling og hnit frá eldri skráningunni eru á svipuðum stað. Ætti að vera fullnægjandi að hafa mælt hana upp og ljósmyndað ef hún fer undir veginn en hún er 18 m austan við væntanlega veglínu.



**Mynd 7 Varða [60:53].**

## Varða [60:53] samgöngubót

Varðan er á stórum steini um 20 m vestan við núverandi þjóðveg, þar sem hann liggur yfir háheiðina. Hún er á gömlu leiðinni yfir Öxi, sem lá eins og þjóðvegur nú. Á stórum steini skammt austan við dálitla tjörn. Lýsing á vörðunni í skráningunni frá 2008: „Steinninn er tæplega 1 m á hæð og varðan þar ofan á. Samtals um 1,5 m á hæð. Hleðslan er topphlaðin og 6 umför. Varðan er um 0,4x0,4 m ummáls". Uppmæling og hnit frá eldri skráningunni eru á svipuðum stað. Varðan hefur fallið eftir að hún var skráð árið 2008. Ætti að vera fullnægjandi að hafa mælt hana upp og ljósmyndað en hún fer undir veginn.



**Mynd 8 Varða [60:57].**

## Varða [60:57] samgöngubót

Við fornleifaskráninguna frá 2008 voru tvær vörður skráðar á þessum staða. Við fornleifaskráninguna í sumar fannst bara önnur varðan og er það sú sem varða sem var norðar og reist á steini. Hin virðist vera fallin. Þessar vörður hafa verið við gömlu leiðina yfir Öxi, sem lá eins og þjóðvegur nú. Varðan er reist á stórum steini. Hún er um 0,8 m á hæð, en að meðtöldum steininum um 1 m. Hún er hlaðin úr hellugrjóti, 10 umför en hún hefur líka fallið eitthvað frá því henni var lýst áður. Varðan mun hverfa undir nýtt vegstæði og ætti að vera fullnægjandi að hafa mælt hana upp og ljósmyndað. Er þetta eina heila varðan sem fer undir veginn.



**Mynd 9 Varða [60:75] lendir undir miðju vegstæðinu.**

## Varða [60:74] samgöngubót

Við fornleifaskráninguna þá misstu við að þessari vörður en Erla Dóra Voger, jarðfræðingur hjá Vegagerðinni hafði tekið eftir þessari vörðu og er hún staðsett og lýst af henni. Ljósmyndina tók hún líka. „Við stöð 13840-13850 lyftir sér klapparkollar. Á klöppinni í veglínu er lág og lítil, grófllega hlaðin varða sem ekki var skráð með fornminjum á svæðinu. Gæti verið ný, virðist ekki mjög fagmannlega hlaðin fagmannlega hlaðin en þó meira en túristavarða.“ Varðan gæti hafa verið við gömlu leiðina yfir Öxi. Varðan mun hverfa undir nýtt vegstæði og ætti að vera fullnægjandi að hafa mælt hana upp og ljósmyndað.



**Mynd 10 Fallin varða [215:69] á Refshöfða hættu vegna efnistöku.**

# Vörður í mikilli hættu vegna efnistöku

## Varða [215:69e] samgöngubót

Á Refshöfða er varða sem er í mikilli hættu vegna efnistöku. Varðan er fallin og hefur því lítið minjagildi. Staðsetning hennar var uppmæld á vettvangi.

Aðrar vörður í hættu vegna efnistöku eru eftirtaldar; [60:58], [60:71] og [69:72]þær hafa verið mældar upp og ætti það vera fullnægjandi mótvægisaðgerð.



**Mynd 11 Leiðin á milli Árnahúsa, fjárskjóla og Ullarhellis.**



**Mynd 12 Tóft [2015:60] sem fer undir veginn.**

## Tóft [215:60] óþekkt

Sunnan Berufjarðarár og á miðri veglínunni lendir þessi tóft og mun því hverfa undir veginn. Lýsing úr skráningarskýrslu: „Tóftin er mjög sigin út og mosagróin og er mögulegt að um náttúrumyndun sé að ræða. Hún er torfhlaðin, þótt eitthvað grjót virðist gróið niður í svörðinn. Hún er hlaðin undir klettinn, sem myndar vesturvegg hennar að hluta. Hún er um 7x1,5 m að innanmáli og snýr nokkurn veginn norður-suður. Op er á norðurhlið. Hæð hleðslna er mest um 0,5 m að innan, en tóftin er nokkuð niðurgrafin“.[5]

Það þarf að rannsaka þessa meintu tóft. Ekki er fulljóst hvort um náttúrumyndun sé að ræða. Með könnunarskurði er unnt að skoða hvort um fornleifar sé að ræða og þá aldur og hlutverk.

[5] Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda á Öxi og í botni Berufjarðar 2008. Bls.34.



**Mynd 13 Hin forna leið [215:75] sem liggur frá bæjarstæði Árnahúsum niður í Berufjörð.**

## Fornar leiðar [215:74], [215:75] og varða [215:63]

Við fyrri fornleifaskráningu voru hvorugar þessara fornu leiða skráðar. Ein varða [215:63] var skráð en hún er við leið [215:74]. Greina má tvær fornar leiðir í landslaginu og liggja þær báðar að bæjarstæði Árnahúss. Leið [215:74] liggur frá bænum í átt að fjárskjólunum [215:22B] og C og Ullar helli [215:A]. Leið [215:75] liggur norðar en leið [215:74] og fer frá bænum niður í Berufjörð og hefur verið leiðin að bænum. Leiðirnar voru mældar upp og eru báðar í hættu vegna vegagerðar og efnistöku. Vegurinn mun þvera leið [215:74] og námur eru nærri leið [215:75]. Því er beint til framkvæmdaaðila að fara með gát á þessu svæði svo röskun verði sem minnst. Það ætti að vera fullnægjandi að hafa mælt upp leiðina. Varða [215:63] er í töluverðri hættu vegna nálægðar við miðlínuna en hún er 35 m norðan við vegstæðið. (Sjá kort 13.)



**Mynd 14 Varða [215:63] sem liggur sunnan við leið [2015:74].**



**Mynd 15 Byrgi kannski smalabyrgi eða lítið aðhald [215-76]. Ljósmynd EDV.**

## Byrgi – aðhald [215-76] hleðslur

Lítið grjóthlaðið aðhald eða skjól á milli stórra steina. Fornleifarnar voru skráðar af Erlu Dóru Vogler hjá Vegagerðinni. Skjólið er norðan við veglínuna. Innan um stórgrýti eru hleðslur upp að stærri steinum. Hér þarf að fara með gát því minjarnar eru aðeins 11 m frá ytri veglínunni.

| Gömul nr | Intrasis nr | Hlutverk | Bæjarnafn | Tegund | Efni | Leið | Aldur | Hættumat | Ástand |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 215:69b | 204 | Samgöngubót | Berufjörður | Varða | Grjót | Á gömlu leiðinni yfir Öxi | 1700-1900 | Lítil hætta | Vel greinanlegar fornleifar |
| 60:45:00 | 215 | Samgöngubót | Þingmúli | Varða | Grjót | | 1700-1900 | Lítil hætta | Vel greinanlegar fornleifar |
| 60:67 | 216 | Samgöngubót | Þingmúli | Varða | Grjót | Á gömlu leiðinni yfir Öxi | 1700-1900 | Lítil hætta | Vel greinanlegar fornleifar |
| 60:66 | 220 | Samgöngubót | Þingmúli | Varða | Grjót | Á gömlu leiðinni yfir Öxi | | Lítil hætta | Vel greinanlegar fornleifar |
| 60:68 | 228 | Samgöngubót | Þingmúli | Varða | Grjót | | 900-1900 | Lítil hætta | Greinanlegar fornleifar |
| 60:69 | 229 | Samgöngubót | Þingmúli | Varða | Grjót | Á gömlu leiðinni yfir Öxi | 1700-1900 | Lítil hætta | Vel greinanlegar fornleifar |
| 60:73 | 240 | Samgöngubót | Þingmúli | Varða | Grjót | Á gömlu leiðinni yfir Öxi | 1700-1900 | Lítil hætta | Vel greinanlegar fornleifar |
| 60:51:00 | 251 | Samgöngubót | Þingmúli | Varða | Grjót | Á gömlu leiðinni yfir Öxi | 1700-1900 | Lítil hætta | Vel greinanlegar fornleifar |
| 60:54:00 | 254 | Samgöngubót | Þingmúli | Varða | Grjót | Á gömlu leiðinni yfir Öxi | 1700-1900 | Lítil hætta | Vel greinanlegar fornleifar |
| 215:63 | 263 | Samgöngubót | Berufjörður | Varða | Grjót | Efrið leið að Árnahúsum [215:74] | 1500-1900 | Lítil hætta | Vel greinanlegar fornleifar |
| 215:69 | 269 | Samgöngubót | Berufjörður | Varða | Grjót | Á gömlu leiðinni yfir Öxi | 1500-1900 | Lítil hætta | Vel greinanlegar fornleifar |
| 60:47:00 | 298 | Samgöngubót | Þingmúli | Varða | Grjót | Á gömlu leiðinni yfir Öxi | 1700-1900 | Lítil hætta | Vel greinanlegar fornleifar |

**Mynd 16 Fornleifar sem eru í lítilli hættu eru 12 fornleifar.**

# Fornleifar í lítilli hættu

Eftirtaldar vörður þarf að sýna aðgát við þegar framkvæmdir fara fram. Þær eru flestar frá 40 - 70 metrum frá miðlínu vegarins.  Sjá má vörðurnar í ofan greindri töflu og enn fremur má sjá staðsetningar þeirra á kortum sem fylgir með í viðauka.

| Gömul nr | Intrasis nr | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Bæjarnafn | Efni | Leið | Aldur | Hættumat |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 215:69d | 202 | | Samgöngubót | Varða | Berufjörður | Grjót | Á gömlu leiðinni yfir Öxi | 1700-190 | Engin hætta |
| 215:69c | 203 | | Samgöngubót | Varða | Berufjörður | Grjót | | | Engin hætta |
| 60:55:00 | 205 | | Samgöngubót | Varða | Þingmúli | Grjót | | 1700-190 | Engin hætta |
| 215:25b | 206 | | Kviar | Tóft | Berufjörður | Torf og grjót | | 1500-190 | Engin hætta |
| 215:25:00 | 207 | Neðri Selbotnar | Sel | Tóft | Berufjörður | Torf og grjót | | | Engin hætta |
| 215:12b | 208 | | Samgöngubót | Varða | Berufjörður | Grjót | | 1800-190 | Engin hætta |
| 215:12d | 209 | | Samgöngubót | Varða | Berufjörður | Grjót | | 1800-190 | Engin hætta |
| 212:12e | 210 | | Samgöngubót | Varða | Berufjörður | Grjót | | 1700-190 | Engin hætta |
| 215:12c | 211 | | Samgöngubót | Varða | Berufjörður | Grjót | | 1700-190 | Engin hætta |
| 215:12:00 | 212 | | Smalakofi | Hleðsla | Berufjörður | Grjót | | 1800-190 | Engin hætta |
| 215:22c | 213 | Hellrar | Fjárskýli | Hleðsla | Berufjörður | Grjót | Leið sem liggur þarna er [274:74] | 1700-190 | Engin hætta |
| 60:61 | 217 | | Óþekkt | Tóft | Þingmúli | Torf og grjót | | 1500-190 | Engin hætta |
| 60:60 | 218 | | Rétt | Hleðsla | Þingmúli | Grjót | | 1500-190 | Engin hætta |
| 60:65 | 219 | | Óþekkt | Hleðsla | Þingmúli | Grjót | | | Engin hætta |
| 215:22a | 222 | Ullarhellir/Hellrar | Fjárskýli | Hellir | Árnahús | Grjót | Leið sem liggur þarna er [274:74] | 1500-190 | Engin hætta |
| 215:23C | 223 | Árnhús/Árnahús | Túngarður | Garðlag | Árnahús | Torf og grjót | Leið [215:75] | 900-1900 | Engin hætta |
| 215:23I | 224 | Árnhús/Árnahús | Túngarður | Garðlag | Árnahús | Grjót | Leið [215:75] | 900-1900 | Engin hætta |
| 215:23G | 225 | Árnhús/Árnahús | Útihús | Tóft | Árnahús | Torf og grjót | Leið [275:75] | 900-1900 | Engin hætta |
| 215:23H | 226 | Árnhús/Árnahús | Kviar | Tóft | Árnahús | Torf og grjót | Leið [275:75] | 900-1900 | Engin hætta |
| 215:23J | 227 | Árnhús/Árnahús | Túngarður | Garðlag | Árnahús | Grjót | Leið [215:75] | 900-1900 | Engin hætta |
| 215:032 | 232 | | Óþekkt | Niðurgröft | Berufjörður | | | | Engin hætta |
| 215:22b | 236 | Hellrar | Fjárskýli | Hleðsla | Árnahús | Grjót | Leið sem liggur þarna er [274:74] | 1500-190 | Engin hætta |
| 60:56:00 | 256 | | Samgöngubót | Varða | Þingmúli | Grjót | Á gömlu leiðinni yfir Öxi | 1500-190 | Engin hætta |
| 215:61 | 261 | | Óþekkt | Hleðsla | Berufjörður | Grjót | | 1800-190 | Engin hætta |
| 215:62 | 262 | | Óþekkt | Hleðsla | Berufjörður | Grjót | | 1700-190 | Engin hætta |
| 60:64 | 264 | | Dys | Grjóthaug | Þingmúli | Grjót | | Óviss | Engin hætta |
| 215:65 | 265 | | Samgöngubót | Varða | Berufjörður | Grjót | Á gömlu leiðinni yfir Öxi | 1700-190 | Engin hætta |
| 215:66 | 266 | | Samgöngubót | Varða | Berufjörður | Grjót | Á gömlu leiðinni yfir Öxi | 1700-190 | Engin hætta |
| 215:67 | 267 | | Samgöngubót | Varða | Berufjörður | Grjót | Á gömlu leiðinni yfir Öxi | 1700-190 | Engin hætta |
| 215:68 | 268 | | Samgöngubót | Varða | Berufjörður | Grjót | Á gömlu leiðinni yfir Öxi | 1500-190 | Engin hætta |
| 215:70 | 270 | | Samgöngubót | Varða | Berufjörður | Grjót | Á gömlu leiðinni yfir Öxi | 1700-190 | Engin hætta |
| 215:23F | 282 | Árnhús/Árnahús | Útihús | Tóft | Árnahús | Torf og grjót | Leið [275:75] | 900-1900 | Engin hætta |
| 215:23E | 283 | Árnhús/Árnahús | Útihús | Tóft | Árnahús | Torf og grjót | Leið [275:75] | 900-1900 | Engin hætta |
| 215:23B | 284 | Árnhús/Árnahús | Býli | Bæjarstæ | Árnahús | Torf og grjót | Leið [275:75] | 900-1900 | Engin hætta |
| 60:59:00 | 285 | | Samgöngubót | Varða | Þingmúli | Grjót | Á gömlu leiðinni yfir Öxi | 1700-190 | Engin hætta |
| 215:23A | 286 | Árnhús/Árnahús | Býli | Bæjarstæ | Árnahús | Torf og grjót | Leið [275:75] | 900-1900 | Engin hætta |
| 215:23D | 289 | Árnhús/Árnahús | Óþekkt | Tóft | Árnahús | Torf og grjót | Leið [275:75] | 900-1900 | Engin hætta |
| 60:41:00 | 292 | | Beitarhús | Tóft | Þingmúli | Torf og grjót | | 900-1900 | Engin hætta |
| 60:42:00 | 293 | | Dys | Dys | Þingmúli | Grjót | | Óviss | Engin hætta |
| 60:43:00 | 294 | | Samgöngubót | Varða | Þingmúli | Grjót | | 1700-190 | Engin hætta |
| 60:44:00 | 295 | | Leið | Hleðsla | Þingmúli | Grjót | | | Engin hætta |
| 60:46:00 | 297 | | Samgöngubót | Varða | Þingmúli | Grjót | Á gömlu leiðinni yfir Öxi | 1700-190 | Engin hætta |
| 60:70 | 301 | | Samgöngubót | Varða | Þingmúli | Grjót | Á gömlu leiðinni yfir Öxi | 1700-190 | Engin hætta |

**Mynd 17 Tafla sem sýnir 44 fornleifar sem engin hætta er á vegna vegarins.**

# Fornleifar í engri hættu

Þær fornleifar sem eru í engri hættu eru margar (sjá kort 1-12)) og margar hverjar langt fyrir utan framkvæmdasvæðið, en þær fornleifar sem eru umfangsmiklar og hafa mikið gildi eru bæjarstæðið Árnahús en þar er finna leifar af tveimur bæjarstæðum, fjöldinn allur af útihúsum og túngarði sem er nokkuð heil. Þar rétt hjá eru síðan fjárskjól [215:22b og c] og Ullarhellir [515:22a] sem líka eru fyrir utan nýja vegstæðið. Í fyrri skráningarskýrslu er fjallað ítarlega um Árnahús (Árnhús) og vísast til þeirra skýrslu fyrir frekari lýsingar. En fornleifarnar eru 100 metra frá miðlínu vegarins. Þær voru mældar upp núna. Vegurinn fer sunnan við bæjarstæðið en norðan við fjárskjól og Ullarhelli. Það væri hægt að hafa útskot á veginum þarna þegar hann kemur niður á flötina og gera þessar fornleifar aðgengilegar fyrir ferðamenn. Þar er líka að finna fallegan foss við bæjarstæðið, Ástufoss. (Sjá kort 13 og 14)




**Mynd 18 Árnahús, bæjarstæðin, útirhús og túngarður**

## Samantekt og niðurstöður

Á svæðinu hafa verið 73 fornleifar skráðar, þar af vörður sem allflestar hafa verið við gömlu leiðina yfir Öxi, tóft [215:60], smalabyrgi [215:76],bæjarstæði, túngarð og útihús Árnastaða [215:23], fjárskjól [215:22] og selsminjar [215:25]. Árnastaðir eru einstakir fyrir minjaheildina en þeir eru ekki í neinni hættu fyrir framkvæmdinni og það sama á við um selsminjarnar. Þær eru langt fyrir utan framkvæmdasvæðið. Fjárskjólin og Ullarhellir eru líka fyrir utan framkvæmdasvæðið.

Smalabyrgi [215:76] er aðeins 20 m frá veglínunni og þarf því að fara með sérstakri gát.

Til að raska leiðinni [215:74 og 215:75 ] og vörðunum þarf samþykkt Minjastofnunar Íslands. Ekki er ástæða til að rannsaka hinar föllnu vörður eða aðra vörður því að hæpið er að slík rannsókn bæti einhverju við sem ekki er þegar vitað um þær – og fram hefur komið í skýrslunni. Verður það þó að vera endanlegt mat Minjastofnunar. Vörðurnar hafa allar verið skráðar, myndaðar og staðsettar á hnitakorti.

Tóft [215:60] lendir undir miðju vegstæðinu og þarf að rannsaka hvort um fornleifar séu að ræða með því taka könnunarskurði, kanna eðli minjanna, aldur og hlutverk. Minjastofnun Íslands ákveður þó hvað þarf að gera.

Nokkur fjöldi af vörðum eru innan veghelgunarsvæðis og stafar þá einhver hætta af framkvæmdinni en flestar eru þó meir en 50 -79 m frá miðlínu og ætti því ekki þurfa raska þeim neitt. En því er beint til framkvæmdaaðila að fara með gát hjá þessum vörðum.

Ekki er víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.

Er því beint til framkvæmdaaðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki

landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

# Heimildir

Sædís Gunnarsdóttir. (2004). *Menningarminjar í Djúpavogshreppi: Svæðisskráning* (FS239-03191). Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Guðrún Sveinbjarnardóttir. (1991). Shielings in Iceland: an archaeological and historical survey. Í Acta Archaeologica 61, bls. 93-96. Guðrún Sveinbjarnardóttir. (1992). Farm Abandonment in Medieval and Post-Medieval Iceland: an Interdisciplinary Study. Oxbow Monograph 17. Oxford: Oxbow Books.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi. (1975-1976). II. og III. bindi. (Ármann Halldórsson ritstýrði). Seltjarnarnes: Búnaðarsamband Austurlands.

Þóra Pétursdóttir, Ásta Hermannsdóttir og Lísa Rut Björnsdóttir. (2008). *Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda á Öxi og í botni Berufjarðar* (FS403-08061). Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

**Árnastofnun – Örnefnasafn**

Ö-Berufjörður: Örnefnaskrá Berufjarðar, Bergsveinn Skúlason skráði. Örnefnastofnun Íslands, 1972.

Ö-Þingmúli: Örnefnaskrá Þingmúla, Eiríkur Eiríksson skráði, Örnefnastofnun Íslands, 1970.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 303 | Gömul nr. | 60:72-ný | Bæjarnafn | Þingmúli | Jarðatalsnr. | 60 |
| Svæði | | Sveitafélag | Múlaþing | Dagur. | 15.08.2021 | Skráning | IS-KÞS |
| Hlutverk | Samgöngubót | Tegund | Varða | Flokkur | Samgönguminjar | | |
| Sérheiti | | Friðað | Já | Verkefni | Fornleifaskráning Öxi | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Vel greinanlegar fornleifar | Hættumat | **Mikil hætta** | Hættuorsök | **Vegna efnistöku** |
| Aldur | 1700-1900 | Horfin | Nei | Horfin ástæða | |
| Leið | Á gömlu leiðinni yfir Öxi | Umhverfi | | | |
| Lengd | 1.0 m | Breidd | 0.98 m | Hæð | 1.20 |
| Hleðslu umferð | 5 til 6 umferðir | | | | |
| Varða | Heil | Örnefnaskrá | | | |
| Mæling | Uppmæling | Heimildir | Ekki skráð áður | | |
| Efni | Grjót | | | | |
| Isnet N | 491573.199 | Isnet E | 7055000.388 | Minjagildi | Nokkurt |
| Ljósmyndari | IS | Mótvægisaðgerðir | Uppmæling og ljósmynd | | |



Varðan er hlaðin upp á steinn og virðist ekki vera mjög gömul eða hefur verið lagfærð í seinni tíma. Hún er um það 65 m vestan við miðlínu vegarins.

Hún var ekki skráð í fyrri skráningu og virðist vera nýlega endurhlaðin en eldri varða staðið þar áður.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 307 | Gömul nr. | 60:48 | Bæjarnafn | Þingmúli | Jarðatalsnr. | 60 |
| Svæði | | Sveitafélag | Múlaþing | Dagur. | 15.08.2021 | Skráning | ISKÞS |
| Hlutverk | Samgöngubót | Tegund | Varða | Flokkur | Samgönguminjar | | |
| Sérheiti | | Friðað | Já | Verkefni | Fornleifaskráning Öxi | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Greinanlegar fornleifar | Hættumat | **Mikil hætta** | Hættuorsök | **Vegna vegagerðar** |
| Aldur | 1700-1900 | Horfin | Nei | Horfin ástæða | |
| Leið | Á gömlu leiðinni yfir Öxi | Umhverfi | Á mosagrónum mel | | |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lengd | 1.3 | Breidd | | Hæð | 0.5 | Hleðslu umferð | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Varða | Fallin varða | Örnefnaskrá | |
| Mæling | Uppmæling | Heimildir | FSI 2008:19 |
| Efni | Grjót | | |
| Isnet N | | Isnet E | |
| Minjagildi | Nokkurt | | |
| Ljósmyndari | | Mótvægisaðgerðir | Uppmæling og ljósmynd |



Vörðubrot - fallin varða er fast austan við núverandi þjóðveg. Vörðubrotið er líklega á gömlu leiðinni yfir Öxi 691:002,sem lá eins og þjóðvegur nú. Á mosagrónum mel. Vörðustæðið er um 1.3x1.0 m að stærð í grunninn og 0,5 á hæð. Þrjú umför standa en grjótdreif er umhverfis það.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 201 | Gömul nr. | 215:69e-ný | Bæjarnafn | Berufjörður | Jarðatalsnr. | 215 |
| Svæði | Refshöfði | Sveitafélag | Múlaþing | Dagur. | 15.08.2021 | Skráning | IS-KÞS |
| Hlutverk | Samgöngubót | Tegund | Varða | Flokkur | Samgönguminjar | | |
| Sérheiti | | Friðað | Já | Verkefni | Fornleifaskráning Öxi | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Greinanlegar fornleifar | Hættumat | **Mikil hætta** | Hættuorsök | **Vegna efnistöku** |
| Aldur | 1700-1900 | Horfin | Nei | Horfin ástæða | |
| Leið | | Umhverfi | Mosagróið á klettanös | | |
| Lengd | 1.4 | Breidd | 1.3 | Hæð | 0.20 |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Varða | Fallin varða | Örnefnaskrá | | | |
| Mæling | Uppmæling | Heimildir | Ekki skráð í fyrri skráningu | | |
| Efni | Grjót | | | | |
| Isnet N | 486302,493 | Isnet E | 707252,1080 | Minjagildi | Lítið |
| Ljósmyndari | IS | Mótvægisaðgerðir | Uppmæling og ljósmynd | | |



Varðan er fallin hún var ekki skráð í fyrri skráningu.

Varðan er á námusvæðið og mun hverfa við framkvæmdir.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 299 | Gömul nr. | 60:49 | Bæjarnafn | Þingmúli | Jarðatalsnr. | 60 |
| Svæði | | Sveitafélag | Múlaþing | Dagur. | 15.08.2021 | Skráning | IS-KÞS |
| Hlutverk | Samgöngubót | Tegund | Varða | Flokkur | Samgönguminjar | | |
| Sérheiti | | Friðað | Já | Verkefni | Fornleifaskráning Öxi | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Vel greinanlegar fornleifar | Hættumat | **Mikil hætta** | Hættuorsök | **Vegna vegagerðar** |
| Aldur | 1700-1900 | Horfin | Nei | Horfin ástæða | |
| Leið | Á gömlu leiðinni yfir Öxi | Umhverfi | Á mosagrónum mel | | |
| Lengd | 1.3 m | Breidd | 1.2 m | Hæð | 1, m |
| Hleðslu umferð | 5 umför | | | | |
| Varða | Fallin varða | Örnefnaskrá | | | |
| Mæling | Uppmæling | Heimildir | FSI 2008:19 | | |
| Efni | Grjót | | | | |
| Isnet N | 488937.387 | Isnet E | 705447.087 | Minjagildi | Nokkurt |
| Ljósmyndari | IS | Mótvægisaðgerðir | Uppmæling og ljósmynd | | |



Varða er á holti rétt ofan austan við núverandi veg. Holtið, sem varðan stendur á, er vel gróið mosa en grýtt smágrjóti inn á milli. Varðan er stæðileg um 1,3 m á breidd, 1,2 m á lengd í grunninn og 1,0  m á hæð.
Varðan hefur hrunið meira frá því að hún var skráð 2008.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 260 | Gömul nr. | 215:60 | Bæjarnafn | Berufjörður | Jarðatalsnr. | 215 |
| Svæði | | Sveitafélag | Múlaþing | Dagur. | 15.08.2021 | Skráning | IS-KÞS |
| Hlutverk | Óþekkt /aðhald/stekkur | Tegund | Tóft | Flokkur | Búsetuminjar | | |
| Sérheiti | | Friðað | Já | Verkefni | Fornleifaskráning Öxi | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Greinanlegar fornleifar | Hættumat | **Mikil hætta** | Hættuorsök | **Vegna vegagerðar** |
| Aldur | 1500-1900 | Horfin | Nei | Horfin ástæða | |
| Leið | | Umhverfi | Við klettastalla | | |
| Lengd | 7 | Breidd | 1,5 | Hæð | 0,5 |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Varða | | Örnefnaskrá | | | |
| Mæling | Uppmæling | Heimildir | FSI 2008:34 | | |
| Efni | Torf og grjót | | | | |
| Isnet N | 485143.471 | Isnet E | 710378.811 | Minjagildi | Nokkurt |
| Ljósmyndari | IS | Mótvægisaðgerðir | Könnunarskurð | | |



Sunnan Berufjarðarár, sunnan við Beitivelli, eru ræstir túnskikar á tveimur hjöllum og klettaklif á milli. Við austurenda efri túnskikans er dálítill klettastallur og utaní honum er tóft. Umhverfis tóftina er gróinn völlur og lækjarsytra fast austan við hana. Tóftin er mjög sigin út og mosagróin og er mögulegt að um náttúrumyndun sé að ræða. Hún er torfhlaðin, þótt eitthvað grjót virðist gróið niður í svörðinn. Hún er hlaðin undir klettinn, sem myndar vesturvegg hennar að hluta. Hún er um 7x1,5 m að innanmáli og snýr nokkurn veginn norður-suður. Op er á norðurhlið. Hæð hleðslna er mest um 0,5 m að innan, en tóftin er nokkuð niðurgrafin.

**Þarf að taka könnunarskurð til kanna aldur, hlutverk og hvort eldri minjar leynist undir.**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 252 | Gömul nr. | 60:52 | Bæjarnafn | Þingmúli | Jarðatalsnr. | 60 |
| Svæði | | Sveitafélag | Múlaþing | Dagur. | 15.08.2021 | Skráning | IS-KÞS |
| Hlutverk | Samgöngubót | Tegund | Varða | Flokkur | Samgönguminjar | | |
| Sérheiti | | Friðað | Já | Verkefni | Fornleifaskráning Öxi | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Vel greinanlegar fornleifar | Hættumat | **Mikil hætta** | Hættuorsök | **Vegna vegagerðar** |
| Aldur | 1700-1900 | Horfin | Nei | Horfin ástæða | |
| Leið | Á gömlu leiðinni yfir Öxi | Umhverfi | Á klöpp mosagróið | | |
| Lengd | 0,5 | Breidd | 0,5 | Hæð | |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Varða | Fallin varða | Örnefnaskrá | | | |
| Mæling | Uppmæling | Heimildir | FSI 2008:20 | | |
| Efni | Grjót | | | | |
| Isnet N | 489475.025 | Isnet E | 712060,7240 | Minjagildi | Nokkurt |
| Ljósmyndari | IS | Mótvægisaðgerðir | Uppmæling og ljósmynd | | |



Varðan er um það 22 m. austan við framkvæmdasvæðið. Það þarf að fara með gát á þessu svæðið. Varðan var heil þegar fornleifaskráning fór fram árið 2008 en hefur nú fallið. Varða mældist 0.5x 0,5 m þegar hún var mæld 2008.

Nú er hún fallin og umfang hennar er 1.6x1.10 m. En grunnflötur hefur verið miklu minni.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 250 | Gömul nr. | 60:50 | Bæjarnafn | Þingmúli | Jarðatalsnr. | 60 |
| Svæði | | Sveitafélag | Múlaþing | Dagur. | 15.08.2021 | Skráning | IS-KÞS |
| Hlutverk | Samgöngubót | Tegund | Varða | Flokkur | Samgönguminjar | | |
| Sérheiti | | Friðað | Já | Verkefni | Fornleifaskráning Öxi | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Greinalegar fornlefar | Hættumat | **Mikil hætta** | Hættuorsök | Vegna vegagerðar |
| Aldur | 1700-1900 | Horfin | Nei | Horfin ástæða | |
| Leið | Á gömlu leiðinni yfir Öxi | Umhverfi | Mosagróin hóll | | |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lengd | 1,0 m | Breidd | 1,0 m | Hæð | 0,40 m | Hleðslu umferð | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Varða | Fallin varða | Örnefnaskrá | |
| Mæling | Uppmæling | Heimildir | FSI 2008:20 |
| Efni | Grjót | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Isnet N | 489300,598 | Isnet E | 705276,5810 | Minjagildi | Lítið |
| Ljósmyndari | IS | Mótvægisaðgerðir | Uppmæling og ljósmynd | | |



Varða er á holti fast vestan við núverandi þjóðveg þar sem hann liggur yfir heiðina. Hún er líklega á gömlu leiðinni yfir Öxi 691: 2, sem lá nokkurn veginn eins og þjóðvegur nú. Á mosagrónum hól. Þegar hún var skráð árið 2008 var henni lýst eftirfarandi: „Grunnflötur vörðunnar er um 1x1 m. Hún er topphlaðin, en hrunið úr henni til norðurs. Hæð hennar er um 1 m. Umför eru afar mörg, en varðan er hlaðin að mestu úr hellugrjóti“. Varðan hefur fallið alveg núna og má aðeins sjá 2 umför. Ekki er ljósmynd í eldri skýrslunni af henni.
Það ætti að vera fullnægjandi að hafa mælt hana upp og ljósmyndað sem mótvægisaðgerð.

| | | | | | | | |
